

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 4. nóvember 2016 í máli nr. S-103/2016:

Ákærvaldið

(Ásmunda Björg Baldursdóttir saksóknari)

gegn

X

(Grímur Sigurðsson hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 7. f.m., var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 29. febrúar 2016, á hendur X, kt. 000000-0000, [...]

Ákæra málsins er í tveimur köflum og taka þeir báðir til þess að ákærði hafi gerst sekur um umboðssvik samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í fyrri kafla ákæru er hann sóttur til saka fyrir slíkt brot „með því að hafa misnotað aðstöðu sína sem sparisjóðsstjóri A-sparisjóðs, kt. 000000-0000 og stefnt fé sparisjóðsins í verulega hættu, þegar hann fór út fyrir heimildir til lánveitinga með því að veita einkahlutafélaginu F2, kt. 000000-0000, þann 16. júní 2008, 100.000.000 króna lán í formi yfirdráttar á reikningi félagsins hjá sparisjóðnum nr. [...], án þess að afstaða lánanefndar sparisjóðsins lægi fyrir, án þess að áhættu- og greiðslumat færi fram og án þess að endurgreiðsla lánsins væri tryggð með nokkrum hætti. Sama dag var lánsfjárhæðinni ráðstafað inn á annan reikning félagsins nr. [...] hjá sparisjóðnum. Þann 18. júní 2008 var fjárhæðinni ráðstafað inn á reikning F2 ehf. nr. [...], hjá F-bank hf. Sama dag tók F-bank hf. handveð í fyrrgreindum reikningi félagsins hjá bankanum, ásamt allri innistæðu reikningsins eins og hún var á hverjum tíma, fyrir öllum skuldum og skuldbindingum F3 ehf., kt. 000000-0000, gagnvart F-bank hf. Þann 22. september 2008 tilkynnti F-bank hf. um ráðstöfun handveðsettra fjármuna. Var gengið að allri innistæðu reiknings F2 ehf. hjá bankanum til greiðslu á skuld F3 ehf. við F-bank hf. Yfirdráttarlánið var upphaflega veitt til eins mánaðar og var á gjalddaga 16. júlí 2008. Þann 22. apríl 2010 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald stofnfjárhafafundar sparisjóðsins, vék stjórn sjóðsins frá og skipaði í framhaldinu skilanevnd yfir sparisjóðnum. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins fól einnig í sér að allar eignir og skuldbindingar sparisjóðsins voru færðar í nýtt félag, F6 sparisjóð, sem var í eigu Bankasýslu ríkisins. Með ákvörðun 5. mars 2011 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald stofnfjáreigendafundar F6 sparisjóðs. Ákvörðunin fól í sér að NBI hf. tæki í einu lagi við rekstri, eignum og skuldbindingum á F6 sparisjóðnum. Um var að ræða samruna án skuldaskila. F6 sparisjóðurinn var því sameinaður NBI hf. með yfirtöku eigna og skulda. NBI hf.,

nú Landsbankinn hf., afskrifaði kröfuna í júlí 2015 vegna gjaldþrots F2 ehf. Ekkert fékkst greitt upp í kröfur bankans í kjölfar gjaldþrotsins og er krafan því Landsbankanum að fullu glötuð.“

Í seinni kafla ákæru eru ákærða gefin að sök umboðssvik „með því að hafa misnotað aðstöðu sína, sem stjórnarformaður dótturfélags sparisjóðsins, einkahlutafélagsins F4, kt. 000000-0000, og valdið félaginu verulegri fjártjónshættu, þegar hann framseldi fyrir hönd einkahlutafélagsins stofnfjárbréf í A-sparisjóði, að verðmæti 683.368.783 króna, frá F4 ehf. til einkahlutafélagsins F5, kt. 000000-0000, í lok árs 2007, án þess að nokkuð endurgjald kæmi fyrir stofnfjárbréfin. Við framsalið eignaðist F4 ehf. kröfu á F5 ehf. sem færði á móti skuld í bókhaldi sínu. Enginn lánasamningur var gerður og ekki gengið frá neinni tryggingu fyrir því að krafan yrði greidd. Samkvæmt skráningu hjá Verðbréfaskráningu Íslands voru stofnfjárbréfin skráð á F5 ehf. þann 7. mars 2008. Sama dag og umrædd stofnfjárbréf voru skráð á F5 ehf. var félagið framselt frá F21 til sonar ákærða, L. Í árslok 2009 voru eftirstöðvar kröfunnar, samtals 633.268.783 krónur, færðar í gegnum viðskiptareikning tengdra aðila frá F4 ehf. yfir í sparisjóðinn sem krafa og þar flokkuð á meðal útlána. Lánveitingin var að fullu afskrifuð í bókhaldi sparisjóðsins þann 31. mars 2010.“

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvalds, en til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa.

I

Ákærði var sparisjóðsstjóri A-sparisjóðs frá því í byrjun árs 1991 og fram á mitt ár 2009. Fyrir liggur að 10. mars 2009 sótti sparisjóðurinn um eiginfjárframlag úr ríkissjóði, en um það leyti var eiginfjárstaða hans undir lögbundnum mörkum og um nokkurra mánaða skeið hafði lausafjárstaða hans verið erfið. Er meðal málsgagna fundargerð stjórnarfundar í sjóðnum 8. apríl 2008 þar sem bókað var eftir ákærða að ef ekki færi að rætast úr erlendum lánamörkuðum væru verulegar blikur á lofti varðandi lausafjárstöðu en von væri til þess að aðgerðir ríkisins skilðu einhverju. Vegna stöðu sparisjóðsins skipaði Fjármálaeftirlitið sérfræðing 4. júní 2009 til að hafa sértækt eftirlit með honum. Á grundvelli VI. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 um breyting á fyrrgreindum lögum, tók Fjármálaeftirlitið 22. apríl 2010 yfir vald stofnfjäreigendafundar sparisjóðsins, vék stjórn hans frá og skipaði honum bráðabirgðastjórn. Jafnframt tók eftirlitið ákvörðun um ráðstöfun tilgreindra eigna sparisjóðsins og skuldbindinga hans vegna innlána og tiltekinna ábyrgða til nýs sjóðs, F6 sparisjóðs. Störfum

bráðbirgðastjórnar A-sparisjóðsins lauk 23. júlí 2010 með því að hann var tekinn til slita og honum skipuð slitastjórn samkvæmt XII. kafla laga nr. 161/2002. Þú hans var síðan tekið til gjaldþrotaskipta 1. nóvember 2010 sem lauk 2. september 2013 án þess að nokkuð fengist upp í lýstar kröfur. Loks er þess að geta að 7. mars 2011 tók NBI hf., nú Landsbankinn hf., við rekstri, eignum og skuldbindingum F6 sparisjóðs á grundvelli ákvarðana Fjármálaeftirlitsins eins og rakið er í ákæru.

Upphaf rannsóknar lögreglu á sakargiftum samkvæmt fyrri kafla ákæru má rekja til bréfs sem tveir starfsmenn Landsbankans hf. rituðu embætti sérstaks saksóknara 8. desember 2011. Í því kemur fram að við endurskipulagningu á félögum tengdum einum af viðskiptamönnum F6 ehf. hafi vaknað grunur um að lánveitingar og viðskipti sparisjóðsins við einkahlutafélagið F2 kynnu að varða við ákvæði XXVI. kafla almennra hegningarlaga og lög og reglur sem giltu um starfsemi fjármálafyrirtækja. Bréfinu fylgdi minnisblað þar sem gerð var frekari grein fyrir málsatvikum. Á grundvelli rannsóknar sem ráðist var í að þessu erindi framkomnu er það mat ákærvalds að ákærði hafi veitt F2 ehf. lán að fjárhæð 100.000.000 króna án þess að áhættu- og greiðslumat færi fram og án þess að endurgreiðsla lánsins væri tryggð með nokkrum hætti og að hann hafi með því og í ljósi annarra atvika sem lýst er í ákæru gerst sekur um umboðssvik.

Að því er seinni kafla ákærunnar varðar liggur það fyrir að 27. júlí 2011 sendi slitastjórn A-sparisjóðsins embætti sérstaks saksóknara skýrslu, sem unnin hafði verið fyrir Fjármálaeftirlitið af F7 ehf. og laut að starfsháttum sparisjóðsins. Í kjölfar athugunar á efni skýrslunnar ákvað embættið að rannsaka frekar lánveitingar til L, sem er sonur ákærða, og skuldauppgjör gagnvart honum. Beindist rannsóknin meðal annars að einkahlutafélaginu F5 sem samkvæmt hlutafélagaskrá var um tíma í eigu L. Meðal gagna málsins er umfjöllun um félagið í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna. Í henni segir svo: „F5 ehf. er félag sem nýtt var til þess að halda utan um stofnfjárbréf í A-sparisjóðnum. F21 hf. framseldi alla hluti félagsins til L með framsalssamningi undirrituðum af starfsmönnum F21 og L 7. mars 2008. Hann var einnig í stjórn félagsins. Þá voru stofnfjárbréf í A-sparisjóðnum fyrir samtals 683 milljónir króna að gangverði flutt frá F4 ehf., dótturfélagi sparisjóðsins, til F5 ehf. Þetta var gert með viðskiptafærslu þannig að F4 ehf. átti kröfu á F5 ehf. sem færði skuld á móti bréfunum. Aðeins fimm dögum síðar, 12. mars 2008, var samþykkt á aðalfundi sparisjóðsins að greiða 20% arð af stofnfé. Í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni upplýsti S, löggiltur endurskoðandi hjá F21 og endurskoðandi A-sparisjóðsins, að X sparisjóðsstjóri hefði við gerð ársreiknings sparisjóðsins fyrir árið 2007 óskað eftir því við sig að fá keypt félag hjá F21 sem myndi taka við stofnfjárbréfum í eigu sjóðsins. Úr varð að félagið F5 ehf. var nýtt til þess. F4 ehf.,

dótturfélag A-sparisjóðsins, hafði átt stofnfjárbréf í B-sparisjóði og C-sparisjóði. Þessir tveir sparisjóðir sameinuðust A-sparisjóðnum á árinu 2007 og urðu stofnfjárbréf F4 ehf. í þessum sjóðum því að stofnfjárbréfum í A-sparisjóðnum. Endurskoðandinn kvaðst ekki vita hvers vegna óskað var eftir að bréfin yrðu flutt úr samstæðu sjóðsins inn í F5 ehf. Sparisjóðsstjóri sagðist kannast við félagið F5 ehf. í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni en taldi sig ekki vita að það hefði tengst F4 ehf. á nokkurn hátt. ... Samkvæmt kerfum sparisjóðsins voru stofnfjárbréf að verðmæti 683 milljónir króna færð yfir til F5 ehf. með rafrænum hætti 7. mars 2008 án þess að fyrir lægi lánasamningur um þá fjárhæð eða veðsamningur þar sem bréfin eða félagið væru veðsett F4 ehf. þar til skuldin hefði verið greidd. L staðfesti í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni að aldrei hefði verið gerður lánasamningur við F5 um skuldina né veðsamningur um hin yfirfærðu stofnfjárbréf. F5 ehf. hefði því getað selt bréfin áfram til þriðja aðila án þess að F4 ehf. eða A-sparisjóðurinn hefðu getað varið sína hagsmuni. ... Í minnispunktum fyrrverandi forstöðumanns fjármálasviðs A-sparisjóðsins til lögmanns vegna fréttaumfjöllunar um F5 ehf. í febrúar 2011 kom fram að einkahlutafélagið hafi verið nýtt til að vista stofnfjárbréf í B-sparisjóði og C-sparisjóði sem voru í eigu A-sparisjóðsins. „Ólíkt því sem gerist í samruna hlutafélaga er sá kostur ekki mögulegur fyrir sparisjóð að eiga eigin bréf eftir samruna. Í eigu A-sparisjóðsins voru hlutir í hinum sjóðunum tveimur sem hefðu eyðst við samrunann.“ ... Arðstekjur F5 ehf. á árinu 2008, þ.e. arðgreiðslur vegna ársins 2007, voru 48,5 milljónir króna. Samkvæmt minnispunktunum gekk arðurinn að fullu til niðurgreiðslu á viðskiptaskuld félagsins við F4 ehf.“ Við þetta má bæta að samkvæmt gögnum málsins var einnig ráðstafað inn á viðskiptaskuldina endurgreiddum fjármagnstekjuskatti að fjárhæð 5.350.000 krónur. Er það mat ákærvalds að rannsókn lögreglu sem stofnað var til á grundvelli framangreindra skýrslna hafi leitt það í ljós að ákærði hafi sem stjórnarformaður F4 ehf. átt aðild að framsali stofnfjárbréfa félagsins í A-sparisjóði til einkahlutafélagsins F5 án þess að endurgjald kæmi fyrir þau og að öðru leyti með þeim hætti sem lýst er í seinni kafla ákæru þannig að varði við ákvæði 249. gr. almennra hegningarlaga.

Teknar voru tvær skýrslur af ákærða við rannsókn málsins. Við þingfestingu þess neitaði hann alfarið sök. Við aðalmeðferð skýrði hann svo frá að hann hefði falið undirmönnum sínum „að framkvæma þau mál sem að hér um ræðir“. Það hefðu þeir gert án aðkomu hans, enda ekki í hans verkahring að leiða þessi mál til lykta. Hann hafi þó undirritað samning um kaup F2 ehf. á hlut A-sparisjóðsins í F3 ehf. en ekki komið að gerð hans og tók í því sambandi fram að D, starfsmaður sparisjóðsins, hafi lagt samninginn fullbúinn fyrir hann til undirritunar. Að þessu sögðu lýsti ákærði því yfir að hann hygðist notfæra sér rétt sinn samkvæmt 2. mgr.

113. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála til að neita að svara spurningum varðandi þá refsiverðu háttsemi sem honum er gefin að sök. Hann hefði þegar svarað öllum spurningum um sakargiftir við skýrslugjöf hjá lögreglu og vísaði til þess sem þar kæmi fram.

Kröfu sína um sýknu af sakargiftum samkvæmt fyrri kafla ákæru byggir ákærði á því að hann hafi ekki komið að ákvörðun um lánveitingu í formi yfirdráttar til F2 ehf. Verði ekki á það fallist er á því byggt að hann hafi ekki misnotað aðstöðu sína gagnvart A-sparisjóði með einhliða og ólögumætri ráðstöfun, en í því felist að hann hafi engar reglur brotið með lánveitingunni, hvorki skráðar né óskráðar. Loks séu saknæmisskilyrði ekki uppfyllt. Sýknukrafa að því er tekur til sakargifta samkvæmt seinni kafla ákæru er í fyrsta lagi reist á því að ákæra sé röng í veigamiklum atriðum. Í öðru lagi heldur ákærði því fram að ósannað sé að hann hafi komið að ákvörðun um framsal á eignarhluta F4 ehf. í A-sparisjóðnum til F5 í lok árs 2007. Í þriðja lagi er á því byggt að ákærði hafi ekki misnotað aðstöðu sína sem stjórnarformaður F4 ehf. með einhliða og ólögumætri ráðstöfun. Í fjórða lagi séu saknæmisskilyrði ekki uppfyllt.

II

1.

Að því er varðar málsatvik sem tengjast fyrri kafla ákæru er þess fyrst að geta að einkahlutafélagið F3 var stofnað í ársbyrjun 2007 og skiptist eignarhald að því í fimm jafna hluti í eigu F8 ehf., F22 hf., F25 svf., F9 ehf. og F23 hf. Stjórnarformaður var J. Hlutafé félagsins var 10.000.000 króna. Í upphafi mun hafa staðið til að félagið keypti hlut í F24. Af því varð ekki en í staðinn voru keyptir hlutir í A-sparisjóði, F-bank, sem síðar varð F1-bank, og F17. Í kjölfarið breyttist eignarhald að félaginu þannig að A-sparisjóðurinn kom inn í hluthafahópinn. Samkvæmt gögnum málsins hækkuðu skuldir félagsins og tengdra félaga um 5,6 milljarða króna á tímabilinu janúar 2007 til október 2008. Nýjar lánveitingar samkvæmt ákvörðun lánanefnda námu 4,7 milljörðum króna á tímabilinu, en þar af nam lán frá F1-bank 4,1 milljarði króna. Mun andvirði þessara lána hafa verið ráðstafað til kaupa á hlutum í A-sparisjóði og D-sparisjóði. Í umfjöllun í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna segir nánar um þetta: „Tryggingar fyrir framangreindum fyrirgreiðslum voru veð í bréfum F1-bank, D-sparisjóði og F6. F3 og tengd félög voru vensluð F1-bank vegna eignarhlutar A-sparisjóðsins í F3 ehf. og tengdum félögum. T var lengst af framkvæmdastjóri F3 og sat jafnframt í stjórn F1-bank. X var sparisjóðsstjóri í A-sparisjóðnum ásamt því að vera stjórnarformaður bankaráðs F1-bank. F3 og tengd félög voru einn af stærri lántakendum F1-bank. F3 ehf., F10 ehf. og F11 ehf. fengu upphaflega fyrirgreiðslu frá F1-bank í formi framvirks

samnings vegna kaupa á stofnbrefum A-sparisjóðs. Tryggingarnar fyrir framangreindum fyrirgreiðslum voru veð í keyptum hlutum. ... Á árinu 2008 þurfti F1-bank ítrekað að óska eftir ábyrgðum frá öðrum sparisjóðum vegna lána F3 og tengdra aðila þar sem lán þeirra voru komin yfir leyfileg mörk stórra áhættuskuldbindinga.“

Fyrir framvindu þessa máls hefur sérstaka þýðingu gjaldmiðla- og verðbrefaskiptasamningur sem gerður var á milli F3 ehf. og F-bank hf. 7. september 2007 að höfuðstól 171.340.672 krónur. Liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að með bréfi 4. apríl 2008 var þess krafist af hálfu F-bank að lagðar yrðu fram frekari tryggingar „þannig að tryggingaþörf samningsins verði uppfyllt að fullu“. Samningaviðræður um þetta skiluðu ekki árangri, svo sem rakið verður nánar hér á eftir, og var skiptasamningurinn því gjaldfelldur með bréfi bankans til F3 ehf. 2. júlí 2008.

2.

Einkahlutafélagið F2 var stofnað í mars 2008 af B sem þá var skráður framkvæmdastjóri þess og prókúruhafi. Hlutafé var 1.000.000 króna. Hinn 31. mars 2008 var undirritaður samningur á milli félagsins og A-sparisjóðs um kaup þess á öllu hlutafé sjóðsins í F3 ehf., sem þá var 13,9% af heildarhlutafé félagsins. Ritaði ákærði undir samninginn fyrir hönd sparisjóðsins og B fyrir hönd F2 ehf. Kaupverðið var 1.000.000 króna en í samningnum kemur fram að nafnverð selds hlutafjár væri 95.216.128 krónur. Í 4. grein samningsins segir svo meðal annars: „Kaupanda er kunnugt um að seljandi hefur tekið á sig ábyrgð fyrir F3 ehf. að fjárhæð kr. 100.000.000. Verði sú ábyrgð seljanda virk og þurfi seljandi að greiða leggja út fé (svo) vegna ábyrgðar sinnar skuldbindur kaupandi sig til að greiða seljanda þær greiðslur til baka sem nemur allt að kr. 10.000.000. Seljandi mun ekki greiða kaupanda greiðslur umfram það þó ábyrgð falli á seljanda.“ Fyrir liggur að á fundi í stjórn A-sparisjóðs 12. febrúar 2008 var samþykkt heimild til handa ákærða til að selja allt hlutafé sjóðsins í F3 ehf. Rétt rúmri viku eftir að framangreindur kaupsamningur var undirritaður, nánar tiltekið 8. apríl 2008, var fjallað um málefni F3 ehf. á fundi í stjórn sjóðsins. Kemur fram í fundargerð að ákærði hafi farið yfir aðkomu félagsins að kaupum á F-bank hf. og stofnfé í sparisjóðnum. Þá segir svo undir þessum lið í fundargerðinni: „Í dag stendur félagið tæplega undir skuldum. ... F6 átti hlut í F3 og hafði selt þann hlut en stjórn F3 hefur ekki samþykkt viðskiptin vegna ákvæða í lánasamningi að þeirra sögn.“ Samkvæmt fundargerð gerði ákærði grein fyrir skuldastöðu F3 ehf. gagnvart sparisjóðnum og F-bank á stjórnarfundum sjóðsins 20. maí 2008.

Hinn 16. júní 2008 var F2 ehf. veitt yfirdráttarheimild upp á 100.000.000 króna í A-sparisjóði. Svo sem fram er komið hefur ákærði neitað því að hann hafi

samþykkt þessa heimild. Tveimur dögum seinna, það er 18. júní, var þessi fjárhæð millifærð af reikningi félagsins hjá sjóðnum og inn á reikning nr. [...] á nafni þess hjá F-bank hf. Sama dag mun B fyrir hönd F2 ehf. hafa undirritað handveðsyfirlýsingu til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og skuldbindingum F3 ehf. við bankann, en sú yfirlýsing um þetta sem liggur fyrir í gögnum málsins er óundirrituð og á henni er önnur dagsetning. Samkvæmt henni tók handveðsetningin til framangreinds reiknings F2 ehf. hjá bankanum og allrar „innistæðu reikningsins eins og hún er á hverjum tíma“. Hinn 22. september 2008 beindi bankinn síðan tilkynningu til F2 ehf. um ráðstöfun handveðsettra fjármuna samkvæmt framangreindri yfirlýsingu félagsins. Í tilkynningunni er vísað til handveðsyfirlýsingar 18. júní 2008 og efni hennar rakið í samræmi við það sem að framan greinir, en að auki tekið fram að samkvæmt henni væri veðhafa heimilt einhliða og fyrirvaralaust að taka sér greiðslu af handveðinu eins og þörf krefði vegna vanskila á þeim skuldum sem veðinu væri ætlað að tryggja. Því næst segir svo: „Með veðkalli, dags. 4. apríl 2008, sem sent var forsvarsmönnum F3 ehf. var þess krafist af hálfu F-bank að F3 legðu fram viðbótartryggingar vegna skiptasamnings við bankann svo að tryggingaþörf hans yrði uppfyllt að fullu. Í kjölfar þessa fóru fram frekari samningaviðræður um það hvernig tryggingaþörf skiptasamningsins yrði fullnægt en þær viðræður báru engan árangur. Enn vantar töluvert upp á að samningurinn verði nægjanlega tryggður. Skiptasamningurinn var gjaldfelldur með tilkynningu dags. 2. júlí 2008. Með vísan til alls framangreinds hefur F-bank hf. tekið sér í dag greiðslu af reikningi F2 ehf. sem nemur allri innistæðu reikningsins til greiðslu á skuld F3 ehf. við bankann.“

Af gögnum málsins verður helst ráðið að C, sem starfaði sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði A-sparisjóðsins á þessum tíma, hafi séð um að setja yfirdráttarheimildina upp, en þegar það hafði verið gert var ekkert því til fyrirstöðu að fjármunum yrði ráðstafað út af viðkomandi reikningi F2 ehf. í A-sparisjóði. Þá bera gögn um millifærslu á 100.000.000 króna af þeim reikningi yfir á reikning félagsins hjá F-bank 18. júní 2008 það með sér að D, sem var fulltrúi sparisjóðsstjóra á árunum 2007 og 2008, hafi annast hana.

Bú F2 ehf. var tekið til gjaldprotaskipta 16. apríl 2015.

3.

Meðal gagna málsins eru tölvubréf sem varpa ljósi á atvik í aðdraganda þess að framangreind yfirdráttarheimild var veitt.

T, framkvæmdastjóri F3 ehf., sendi fyrirsvarsmönnum þeirra lögaðila sem áttu eignarhlut í félaginu, þar á meðal ákærða, tölvubréf 12. febrúar 2008 þar sem þeim voru kynnt drög að lánssamningi og samkomulagi um uppgjör milli F-bank hf. og félagsins. Kemur fram að samningurinn sé afrakstur viðræðna aðila. Voru

viðtakendur tölvubréfsins hvattir til að kynna sér þessi gögn, sem fylgdu í viðhengi „en skuldbindingar hluthafa F26 samkvæmt þeim eru í samræmi við það sem við ræddum á síðasta fundi okkar.“ Í öðru þessara fylgiskjala var yfirlýsing um skipta sjálfskuldarábyrgð þar sem tilgreindir eigendur F3 ehf., þar á meðal A-sparisjóðurinn, sem eigendur 99,11% hluta „ábyrgjast greiðslu á láni samkvæmt lánsamningi þeim sem um getur í 2. gr., en þó að hámarki 712.508.986 [krónur]. Hlutföll ábyrgðar hvers og eins ábyrgðarmanns samkvæmt ábyrgðinni skal vera 14,035% af framangreindri hámarksfjárhæð af endurgreiðslu lánsins.“ Þá var með tölvubréfinu boðað til eigendafundar næsta dag og aftur 18. sama mánaðar þar sem taka átti til umræðu nýja samningstillögu frá F-bank .

T sendi tölvubréf að nýju til sama hóps 29. febrúar 2008. Í honum segir meðal annars svo: „Í ljósi framanskraðs og þess að tillaga að lánsamningi við F-bank , sem kynnt var á síðasta fundi okkar fékk góðar undirtektir, teljum við J ekkert því til fyrirstöðu að ganga til frágangs þessara mála á þeim forsendum sem fyrir liggja og menn hafa verið sammála um. ... Því liggur fyrir hluthöfum F3 til ákvörðunar og afgreiðslu: 1. Skrifa undir pro rata ábyrgð 100 mkr pr. aðila til F-bank sbr. nýjustu tillögu lánsamnings sem þið hafið undir höndum og ræddur var á síðasta fundi okkar.“

Hinn 2. mars 2008 sendi J, fyrirsvarismaður F8 ehf. og stjórnarformaður F3 ehf., sem vitnað er til í síðastgreindu tölvubréfi, tölvubréf á fyrirsvarsmenn annarra hluthafa í F3, þar á meðal ákærða, þar sem tekið var fram að félagið myndi skrifa undir sjálfskuldarábyrgð á lánsamningi við F-bank , en með þessu brást hann við tölvubréfi frá T 29. febrúar 2008 þar sem því var komið á framfæri við eigendahópinn að afstaða einstakra eigenda til málsins þyrfti að liggja fyrir „um helgina þar sem miðað er við að ganga frá undirritun lánsamnings í F-bank nk. mánudag“. Með tölvubréfi strax í kjölfar þess að J kom sinni afstöðu fyrir hönd F8 ehf. á framfæri gerði T það sama fyrir hönd F22 hf.

D var sent afrit af framangreindum tölvubréfum á sama tíma og þau voru send þeim aðilum sem voru í forsvari fyrir hluthafa í F3 ehf. Hinn 3. mars 2008 framsendi hann ákærða framangreint tölvubréf T frá 29. febrúar sama ár og spurðist fyrir um það hvort ákærði væri búinn að kynna afstöðu A-sparisjóðsins til málsins. Þessari fyrirspurn svaraði ákærði neitandi með tölvubréfi sama dag og sagði enn fremur: „Tr hringdi í gær og ég sagði honum að ég vissi ekkert um þetta, þú værir með þetta.“

Hinn 5. mars 2008 sendi J tölvubréf á eigendahópinn, þar á meðal ákærða, þar sem segir svo: „Staða mála hjá F3 er þannig núna að allir eru tilbúnir til að halda áfram með málin og leysa vandamál félagsins, nema að F23 hefur kosið að selja sinn hlut, og hefur endurskoðandi félagsins gert uppkast að samningi þar um,

þar sem við erum, hver aðili fyrir sig, kaupendur hlutfallslega að hlut F23 hf. F23 hafa nú samningsuppkastið til skoðunar. Nauðsynlegt er að klára þetta atriði áður en skrifað verður undir skuldbindingar gagnvart F-bank , þannig að á hreinu sé hverjir séu eigendur félagsins, og að þeir taki þær skuldbindingar á sig sem um ræðir. F-bank er nú með til athugunar að breyta samningnum um lán, þar sem sjálfsskuldarábyrgðin er í, í þá veru, að hún verði óbreytt hjá hverjum aðila fyrir sig, en að F23 verði ekki með lengur, og lækkar því heildarskuldbinding um 100M, vonast er eftir svari F-bank í dag.“ Daginn eftir var boðað til fundar með tölvubrési „til frágangs lánskjala vegna F-bank “. Þann sama dag sendi T tölvubréf til ákærða og D þar sem þeir voru upplýstir frekar um stöðu mála. Hinn 7. mars sendi T tölvubréf til forsvarsmanna hluthafa og D þar sem tekið var fram að bankaráð F-bank hefði fundað þann sama dag og tekið jákvætt í „hugmyndir okkar um 100 mkr ábyrgð ... pr. aðila án vaxta.“

J sendi tölvubréf til eigendahópsins 25. mars 2008 þar sem hann upplýsti um stöðu mála gagnvart F-bank . Var D móttakandi tölvubrúfins fyrir hönd A-sparisjóðsins sem hann framsendi til ákærða með orðunum „til upplýsingar“ þennan sama dag. Í tölvubrési J segir svo: „Ég náði ekki að klára undirskriftir sjálfsskuldarábyrgða fyrir páska, og lét Y í F-bank vita um það á miðvikudag fyrir páska. Ég sagði honum að ég myndi ekki ná í hluta eigenda fyrr en að páskum loknum. Stjórnir F9 og Kaupfélagsins hafa ekki klárað sín mál. Nú hef ég sent póst og sms á U í F9 í morgun og póst á V í Samkaup og óskað eftir að þeirra afstaða til málsins komi skýrt fram, hvort þeir ætli að skrifa undir sjálfsskuldarábyrgðina eða ekki. Ég mun ekki hreyfa mig með skjölin fyrr en afstaða þeirra liggur fyrir, sem ég vona að verði í dag.“

Hinn 1. apríl 2008 sendi D tölvubréf til J og afrit til T þar sem þeir voru upplýstir um að kominn væri á samningur um sölu á hlut A-sparisjóðsins í F3 ehf. og leitað eftir afstöðu félagsins til þess hvort það hefði í hyggju að nýta sér forkaupsrétt sinn að seldum hlutum í samræmi við samþykktir félagsins. Þá var tekið fram að sjóðurinn myndi „að sjálfsögðu standa við allar sínar skuldbindingar gagnvart félaginu sem hluthafi og ákveðið hefur verið til þessa eins og áður hefur komið fram“. Sama dag framsendi hann þetta tölvubréf til ákærða.

Hinn 4. apríl 2008 sendi J tölvubréf til ákærða þar sem hann greindi frá því að haldinn hefði verið fundur í stjórn F3 ehf. daginn áður þar sem umræður hefðu aðallega snúist um alvarlega stöðu félagsins. Ekki hafi verið tekin afstaða til þess hvort forkaupsréttur yrði nýttur. Í niðurlagi tölvubrúfins segir svo: „Niðurstaða stjórnar á fundinum var að fela mér sem formanni stjórnar að óska eftir því við þig að þú beittir þér fyrir fundi forsvarsmanna helstu lánardrottna F3 ehf. ... og F-bank með stjórn félagsins. Þar yrði rædd staða félagsins og framtíð þess. Brýnt er að

Þessi fundur verði haldinn sem fyrst í ljósi þeirrar erfiðu og alvarlegu stöðu sem félagið er í.“

Hinn 8. apríl 2008 sendi J tölvubréf til hluthafa í F3 þar sem fram kemur að hann hafi að morgni þess dags verið boðaður á fund forsvarsmanna F-bank og D-sparisjóði. Forsvarsmenn A-sparisjóðsins hafi ekki verið á fundinum. Í tölvubréfinu segir svo: „Það kom fram hjá fundarboðendum að ljúka þyrfti málinu sem allra fyrst, og þeir báðu um okkar afstöðu til þess að koma með frekari ábyrgðir. Þeim var sagt að afar ólíklegt yrði að samstaða hluthafa yrði um að koma með frekari ábyrgðir eða hlutafé nú, enda hefði verið reynt frá í lok janúar að leysa málin, og ekki tekist, þá væri nýlokið útboði á hlutafé í F3 ehf. og engin áskrift hefði borist. Í raun bjóðast ekki margir kostir varðandi áframhaldið, og í samræmi við aðvörun endurskoðanda í endurskoðunarbréfi sem fylgdi ársreikningi, þá er ábyrgð stjórnar á því hvernig framhaldið verður nokkuð ljós.“

Framangreint tölvubréf var sent ákærða og D. Sá síðarnefndi brást við því með eftirfarandi hætti í tölvubréfi sem hann sendi J þennan sama dag: „Átta mig ekki alveg á þessari stöðu. Ég taldi að samkomulag væri í gangi um frágang á skuldbindingum félagsins við F-bank og það hafi gengið út á að lagðar væru fram tilgreindar ábyrgðir og þar með væru þau mál, samhliða frágangi á D-sparisjóðs málinu, komin í eðlilegan farveg. Er niðurstaðan sú að þeirri leið sé alfarið hafnað af F-bank?“ Í svari J í tölvubréfi daginn eftir, sem einnig var sent til T, segir svo: „Ég sendi á alla hluthafa á mánudagsmorgun minnir mig skannað veðkall frá F-bank, en lét vita af því í maili á föstudag til hluthafa, þannig að það er augljóst að F-bank eru ekki að bíða eftir þeim ábyrgðum sem ekki hefur enn tekist að ná saman frá öllum. Það voru veruleg vonbrigði að F6 var ekki í hópnum, því að það skipti bæði okkur máli og ykkur að þið séuð með í þessu. Það er í mínum huga óskiljanlegt að þið skulið láta sem ykkur komi málefni F26 og F10 ekki við.“ Þetta tölvubréf framsendi D til ákærða samdægurs ásamt svohljóðandi athugasemdum sínum: „Ég taldi að búið væri að útskýra stöðu okkar í málinu en það er augljóst að það erum við sem erum vonbrigðin í þessu máli F26 að mati J, en hann forðast að svara spurningunni sem ég lagði fram.“

4.

Á stjórnarfundum í F3 ehf., sem haldinn var 1. júlí 2008, var tekin til umræðu lokatillaga F-bank um lánsamning og tryggingar. Á fundinum mættu forsvarsmenn hluthafa, þar á meðal B fyrir hönd F2 ehf. Komst stjórnin að þeirri niðurstöðu að ekki næðist samstaða um að ganga að tillögunni. Lagði stjórnarformaður til að gengið yrði til samninga við lánardrottna um yfirtöku á félaginu, en gengi það ekki eftir væri ekki um annað að ræða en að óska eftir því að bú þess yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Var þessi tillaga samþykkt. Í fundargerð var fært til bókar að B

væri ósáttur við þessa samþykkt þar sem hann hefði fyrir hönd F2 ehf. greitt sinn hluta af tryggingu til bankans og hefði viljað ganga til samninga við kröfuhafa á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs.

Svo sem áður er fram komið var stjórnarformanni F3 ehf. 2. júlí 2008 tilkynnt bréflaga um gjaldfellingu skiptasamningsins frá 7. september 2007 og skorað á félagið að greiða F-bank hf. 3.346.926.673 krónur gegn afhendingu stofnfjárbréfa í A-sparisjóðnum að nafnvirði 178.268.496 króna.

Bú F3 ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 4. mars 2009.

5.

Svo sem fram er komið er ákærða í fyrri kafla ákæru gefið að sök að hafa veitt F2 ehf. lán í formi yfirdráttar á reikningi félagsins hjá A-sparisjóði án þess að afstaða lánanefndar sjóðsins lægi fyrir, án þess að áhættu- eða greiðslumat færi fram og án þess að endurgreiðsla lánsins væri tryggð með nokkrum hætti. Að því er þetta varðar hefur af hálfu ákæruvalds verið vísað til samþykpta A-sparisjóðs frá 4. desember 2007, reglna sjóðsins um lánveitingar og ábyrgðir frá 29. mars 2005, reglna fyrir starfsmenn hans um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra frá 29. mars 2005 og reglna um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra frá 26. febrúar 2007. Hefur í þessu sambandi sérstaklega verið bent á ákvæði 4. gr. í reglum um útlánaheimildir starfsmanna þar sem mælt var fyrir um að í sparisjóðnum skyldi starfa lánanefnd sem ætti að fjalla um lánsbeiðnir sem væru hærri en 15 milljónir króna. Að auki skyldi lánanefndin fjalla um aukin útlán til lánþega sem væru með heildarlán og ábyrgðir yfir 100 milljónum króna. Þá var tekið fram að sparisjóðsstjóri skyldi merkja lánsskjöl útlána sem samþykkt væru af lánanefnd með upphafsstöfum sínum. Í 5. gr. sömu reglna var tekið fram að gætt skyldi ýtrustu varfærni við ákvarðanir, bæði að því er varðaði greiðslugetu lántaka, tryggingar og önnur atriði sem fylgja bæri til að tryggja endurgreiðslu viðkomandi útlána. Þá hefur jafnframt verið vísað til upphafsákvæðis 5. gr. reglna um lánveitingar og ábyrgðir sparisjóðsins, þar sem fram kom að sparisjóðsstjóri skyldi setja reglur um útlán og ábyrgðir, meðhöndlun slíkra beiðna og framkvæmd þar sem skýrt kæmi fram hvernig meta skyldi áhættu og greiðslugetu, hvers konar tryggingar væru teknar gildar og hvernig þær væru metnar, hverjir mættu taka ákvörðun, hvaða atriði ættu að hafa mest áhrif á ákvörðunina, hvernig staðið skyldi að eftirliti og innheimtu og hvernig upplýsingagjöf til sparisjóðsstjóra skyldi háttáð. Auk þess sem að framan er rakið er á því byggt af hálfu ákæruvalds að ákærða hafi við útlán borið að líta til annarra reglna, jafnt skráðra sem óskráðra.

Verði ekki á það fallist með ákærða að hann hafi enga aðkomu átt að umræddri lánveitingu reisir hann málsvörn sína hvað þetta snertir á því að hann hafi engar reglur brotið í tengslum við hana. Hefur ákærði vísað til þess að hann hafi haft mjög rúmar útlánaheimildir, svo sem gögn málsins sýni, og að það lán sem hér um ræðir sé langt undir þeim. Hefur ákærði sérstaklega tilgreint í þessu sambandi að hann hafi veitt fjögur lán, hvert að fjárhæð 1,5 milljarðar króna, sem stjórn sparisjóðsins hafi talið vera innan útlánaheimilda hans. Í reglum um lánveitingar og ábyrgðir A-sparisjóðsins frá 29. mars 2005 hafi til samræmis við þetta ekki verið settar takmarkanir á heimildir sparisjóðsstjóra til lánveitinga til viðskiptamanna sjóðsins. Í reglunum hafi ekki heldur verið greint frá því hvenær trygginga skyldi krafist eða viðmið sett varðandi slíkar tryggingar. Í reynd hafi það verið svo að í reglunum hafi engar kvaðir verið lagðar á sparisjóðsstjóra hvað viðkom hámarki útlána, tryggingum fyrir þeim eða verkferlum. Eina skyldan sem lögð hafi verið á sparisjóðsstjóra hafi verið að tilkynna stjórn sparisjóðsins á næsta fundi eftir að ákvörðun var tekin um útlán eða ábyrgðir vegna skuldbindinga sem væru umfram 10% af eigin fé sjóðsins. Þá hafi það verið svo að samkvæmt 28. gr. samþykktu fyrir sparisjóðinn hafi sparisjóðsstjóri farið með ákvörðunarvald í öllum málefnum sjóðsins sem ekki voru falin öðrum. Valdheimildir ákærða til að taka mikilvægar ákvarðanir, þar á meðal um lánveitingar, hafi verið ótvíræðar. Innan þeirra hafi augljóslega fallið veiting 100.000.000 króna láns án trygginga, umfjöllunar lánanefndar eða greiðslumats, enda hafi það verið mat sparisjóðsstjóra að það þjónaði hagsmunum sparisjóðsins að veita slíkt lán. Þá er á því byggt að reglur fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra frá 29. mars 2005 hafi ekki tekið til ákærða, enda hafi ætlunin með þeim verið sú að útfæra nánar framsal sparisjóðsstjóra á útlánaheimildum sínum til starfsmanna sjóðsins. Sú staðreynd breyti þó í reynd engu hvað varðar lánveitinguna sem um ræðir í málinu.

III

1.

Með gögnum málsins og málflutningi fyrir dómi er fram komið að í lok árs 2007 samþykktu stofnfjáraðilar samruna A-sparisjóðsins, C-sparisjóðs og B-sparisjóðs. Voru sparisjóðirnir sameinaðir undir nafni A-sparisjóðsins sem tók við öllum réttindum og skyldum hinna sjóðanna frá og með 1. júlí 2007. Fjármálaeftirlitið veitti síðan samþykki sitt fyrir samrunanum 22. febrúar 2008. A-sparisjóðurinn átti hluti í hinum sjóðunum tveimur í gegnum dótturfélag sitt, F4 ehf. Mun félagið hafa keypt stofnfjárbréf í B-sparisjóði á tímabilinu 1. október til 31. desember 2007 fyrir samtals 559.092.472 krónur. Er því haldið fram í greinargerð ákærða að það hafi verið háð tilviljun hvort dótturfélagið eða

sparisjóðurinn hafi átt að vera kaupandi bréfanna. Ekki liggur fyrir hvenær A-sparisjóðurinn festi kaup á stofnfjárbréfum í C-sparisjóði, en fram er komið að 31. desember 2007 voru þessi bréf, samtals að fjárhæð 124.276.311 krónur, færð úr bókhaldi A-sparisjóðsins yfir til F4 ehf.

Í málflutningi sækjanda við aðalmeðferð málsins var á því byggt að út frá viðteknum viðmiðum í reikningshaldi teljist framangreindur samruni hafa átt sér stað 4. desember 2007, það er þegar stofnfjáraðilar sjóðanna þriggja höfðu samþykkt hann, og í því sambandi vísað til skýringa við ársreikning A-sparisjóðsins fyrir árið 2007. Af hálfu ákærða hefur á hinn bóginn verið byggt á því að stofnfjárbréf í eigu F4 ehf. í lok árs 2007 hafi verið í B-sparisjóði annars vegar og C-sparisjóði hins vegar, enda hafi Fjármálaeftirlitið ekki verið búið að samþykkja samrunann á þeim tíma. Engu breyti þótt þessi bréf hafi síðar breyst í stofnfjárhluti í A-sparisjóðnum.

Samkvæmt gögnum málsins varð A-sparisjóðurinn eigandi einkahlutafélagsins F4 12. desember 2005. Í tengslum við breytt eignarhald að félaginu þann dag var hlutafé þess hækkað úr 400.000 krónum í 418.000.000 króna. Ákærði var formaður stjórnar félagsins frá 12. desember 2005 til 6. apríl 2010 og M varamaður hans. Þá var N framkvæmdastjóri félagsins og prókúruhafi á þessu tímabili. Þeir M og N störfuðu báðir hjá sparisjóðnum. Samkvæmt fundargerð frá 2. nóvember 2009, sem undirrituð er af ákærða, var á hluthafafundi þann dag ákveðið að hækka hlutafé félagsins um 1.100.000.000 króna eða í 1.518.000.000 króna. Tekið skal fram að tilkynning um hlutfjárhækkunina ásamt fylgigögnum barst fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra ekki fyrr en 13. október 2010.

Loks er þess að geta hér að 31. desember 2007 voru stofnfjárbréf í eigu F4 ehf. færð úr bókhaldi félagsins yfir á ónefndan viðskiptamann. Heldur ákærði því fram að þar hafi alfarið verið um bókhaldslegan gerning að ræða.

2.

Meðal gagna málsins eru skjöl sem snúa beint að skráningu á einkahlutafélaginu F5 hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Þau leiða eftirfarandi í ljós: Í byrjun mars 2008 var til skráð einkahlutafélag í eigu F21 hf. sem bar nafnið F12. Vegna breytts eignarhalds að félaginu var nafni þess breytt 5. mars 2008 í F5 ehf. og ný stjórn kjörin, sem skipuð var tveimur starfsmönnum F21. Þá voru félaginu settar nýjar samþykktir. Voru skjöl um þetta móttækin af fyrirtækjaskrá 7. mars 2008. Þann sama dag var haldinn hluthafafundur í félaginu og breytingar að nýju gerðar á stjórn þess vegna breytts eignarhalds. Tók L þá sæti í stjórn félagsins en G í varastjórn. Bera gögnin ekki annað með sér en að þeir hafi báðir undirritað fundargerð þar sem þetta er tekið fram, svo og að L hafi þennan sama dag undirritað samþykktir fyrir félagið. Skjöl um þetta voru móttækin af fyrirtækjaskrá

23. apríl 2008.

Sama dag og L tók sæti í stjórn F5 var gerður framsalssamningur um hluti í félaginu. Samkvæmt efni sínu tók samningurinn til þess að I fyrir hönd F21 hf. framseldi hluti félagsins í F5 til L. Nánar tiltekið væri um að ræða 100% eignarhlut í F5 að nafnverði 500.000 krónur. Samningurinn ber það með sér að L hafi undirritað hann, en því hefur hann neitað.

Um málsatvik sem snerta þennan þátt málsins að öðru leyti og þá einkum yfirfærslu á stofnfjárbréfum frá F4 ehf. til F5 ehf. er á þessu stigi vísað til þess sem fram kemur þar að lútandi í I. kafla dómsins.

3.

Meðal gagna málsins eru tölvubréf og endurrit símtals á milli ákærða og S, sem var endurskoðandi A-sparisjóðsins, sem varpa ljósi á þau atvik sem seinni kafla ákæru tekur til.

Hinn 6. mars 2008 sendi Q, sem starfaði á viðskiptastofu A-sparisjóðsins, tölvubréf til M, sem var forstöðumaður fjármálasviðs sparisjóðsins, og afrit á I, starfsmanns sjóðsins, þar sem spurt var hvort „allt [sé] klárt“ og hvort „búið [sé] að ákveða“. Svar M í tölvubréfi þennan sama dag var svohljóðandi: „Þetta félag heitir F12 ehf., kt. 000000-0000.“ Hinn 8. apríl 2008 sendi Q að nýju tölvubréf til M þar sem því var komið á framfæri að það þyrfti að stofna reikning hjá sparisjóðnum „þannig að við höldum arðinum“. Svar M í tölvubréfi sama dag var á þá leið að hann gæti ekki gert það „héðan“ en myndi biðja nafngreindan starfsmann um að gera það. Samdægurs var reikningsnúmerið sent Kristni Ágústi og afrit þess tölvubréfs sent M. I sendi tölvubréf til M 22. apríl 2008 þar sem tekið var fram að heiti félagsins „í dag“ væri F5 ehf. Síðar þennan sama dag sendi M tölvubréf til S þar sem sagði svo: „Sé ekki að það sé búið að skipta um stjórn í félaginu sem við færðum stofnfjárbréfin til, getur þú kannað málið.“

Hinn 20. júní 2008 sendi L tölvubréf til S þar sem sagði svo: „Ég er í stjórn F5 ásamt G. Ég var búinn að tala um þetta við G, en ég er alltaf að fá rukkun fyrir vinnunni ykkar vegna breytinga á samþykktum o.s.frv. Þetta er greinilega í innheimtu hjá Glitni. Hvernig förum við að því að greiða þetta? Ég er nefnilega ekki með ávísanahefti eða neitt slíkt.“ Svar S í tölvubréfi daginn eftir var á þann veg að A-sparisjóðurinn myndi greiða þetta og L beðinn um að senda þetta til „M.“.

Næst er þess að geta að L sendi tölvubréf til G og M 22. janúar 2009 þar sem hann kom því á framfæri við þá að hann hefði verið að fá ítrekanir vegna ársreikningsskila og skattskila F5. Síðan segir svo: „Ég veit að G var búinn að koma ársreikningsmálinu í farveg en það þyrfti einnig að kíkja á skattamálin svo sýslumaður gefi ekki út handtökuskipun á mig.“ Í kjölfar þessa áttu sér stað samskipti á milli M og P, endurskoðanda hjá F21, um skattamál F5. Hinn 29. janúar

2009 sendi M síðan tölvubréf til P þar sem fram kom að hann hefði mótttekið tiltekin gögn frá L. Að því sögðu tók hann fram að hann myndi sjálfur útbúa skilagrein vegna ársins 2007 og „fylla út 2008 og setja það í gegn hjá gjaldkera“. Þá vék hann að gerð skattframtals fyrir árið 2008 og veitti í tengslum við það tilteknar upplýsingar um kaup F5 á stofnfjárbréfum „[A-sparisjóðsins] af F4 ehf.“

Hinn 24. mars 2009 sendi L tölvubréf til M þar sem í viðhengi var ítrekun á beiðni ársreikningaskrár um skil á ársreikningi F5 2007. Ársreikninginn sendi P til M og O, sem sinnti bókhaldsstörfum í sparisjóðnum, með tölvupósti 5. apríl 2009 þar sem þeir voru spurðir hvort þeir myndu ekki sjá um að senda hann til ársreikningaskrár. Þá sendi hún tölvubréf til M 6. október 2009 þar sem sagði svo: „Það á eftir að senda inn framtal 2009 vegna 2008 fyrir F5. Getur þú sent mér yfirlit yfir bréfin í félaginu og uppreikninginn og þá getum við komið þessu inn í dag. Við S fundum ekki nema hluta af þessu hjá okkur í gær og H er ekki á svæðinu.“ Þessu erindi svaraði M með tveimur tölvubréfum þennan sama dag þar sem umbeðnar upplýsingar voru veittar og meðal annars tekið fram að skuld F5 ehf. við F4 ehf. væri 638.618.783 krónur.

Hinn 3. desember 2009 sendi L tölvubréf til O þar sem í viðhengi var reikningur frá F21 fyrir gerð ársreiknings F5 og skattframtals. Sama dag framsendi O þetta tölvubréf til M með orðunum „yfir til þín“. Með tölvubréfi M til starfsmanns F21 21. desember 2009 tilkynnti hann að hann hefði greitt þennan reikning.

Loks skal hér getið um tölvubréf sem L sendi M 8. júní 2010. Þar sagði svo: „Ég er enn í stjórn og framkvæmdastjórn F5 fyrir ykkur. Gulli sagði mér að hann hefði verið búinn að ræða við þig um þetta. Væri flott ef hægt væri að kippa mér út úr þessu hið fyrsta. Ég er alltaf að fá einhver bréf vegna skila á ársreikningi, þinggjalda o.s.frv.“

Símtalið sem vísað er til hér að framan munu ákærði og S hafa átt í febrúar 2011. Gekk það meðal annars út á það að L hafi í reynd aldrei verið eigandi F5 ehf. Þannig sagði ákærði að „L náttúrulega átti aldrei nokkurn skapaðan hlut í þessu félagi“ og tók S undir það með því að segja „nei, hann átti aldrei neinn hlut í þessu“ og í framhaldinu með því að taka undir þau orð ákærða að L hafi aldrei komið nálægt félaginu nema bara með því að skrifa nafnið sitt.

4.

Meðal gagna málsins er bréf sem M ritaði 6. febrúar 2011 í tilefni af fréttaf lutningi þess efnis að ákærði fyrir hönd A-sparisjóðsins hefði á síðustu starfsdögum sínum hjá sparisjóðnum afskrifað 700 milljóna króna skuld félags í eigu sonar síns við sjóðinn. Kemur fram í bréfinu að í ársbyrjun 2008 hafi L verið fenginn til að taka við einkahlutafélagi sem notað var til að vista stofnfjárbréf í B-

sparisjóði og C-sparisjóði sem voru í eigu A-sparisjóðsins. Hugmyndin á bak við þessa ráðstöfun hafi verið að koma í veg fyrir að stofnfjárbréfin yrðu verðlaus í höndum sjóðsins vegna samruna þessara þriggja sparisjóða, en við slíkan samruna séu kröfur á milli félaga jafnaðar út. L hafi aldrei þegið greiðslu né haft fjárhagslegan ávinning af þessum gjörningi. Þá segir í bréfinu að hefði A-sparisjóðurinn valið að fara ekki þessa leið hefði hann „staðið jafnfætis lokaniðurstöðunni, ekki þurft að afskrifa en stofnfjárbréfin hefðu orðið verðlaus.“ Hefði hagur sparisjóðsins þróast á annan veg en raunin varð hefði félagið getað selt stofnfjárbréfin og fengið greiðslu fyrir. Þá er í bréfinu gerð grein fyrir virðisryrnun stofnfjárbréfanna á árunum 2008 og 2009 og niðurfærslu af þeim sökum á viðskiptakröfu F4 ehf. að fjárhæð 683.368.783 krónur, sem stofnast hafði á hendur F5 ehf. við yfirfærslu stofnfjárbréfanna til þess félags. Samkvæmt því og að teknu tilliti til innborgana að fjárhæð samtals 50.100.000 krónur, þar sem annars vegar var um að ræða arðgreiðslu og hins vegar endurgreiddan fjármagnstekjuskatt, hafi staða kröfunnar í bókum A-sparisjóðsins í árslok 2009 verið 11.051.928 krónur. Koma þessir útreikningar með óverulegu fráviki fyrir í samtímagögnum sem eru meðal rannsóknargagna málsins.

IV

Við fyrri skýrslugjöf hjá lögreglu var ákærði sérstaklega spurður út í störf lánanefndar sem gert var ráð fyrir að yrði sett á laggirnar samkvæmt 4. grein reglna fyrri starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra frá 29. mars 2005. Skýrði hann svo frá að stjórn A-sparisjóðs hafi aldrei skipað slíka lánanefnd. Hann hafi sjálfur kvatt til forstöðumenn sem störfuðu hjá sjóðnum til að aðstoða sig við ýmsar lánveitingar en að öðru leyti hafi engin lánanefnd verið þar starfandi. Þessi hópur hafi fjallað um útlán en ekki haft útlánaheimildir. Þá var við þessa skýrslutöku beint spurningum til ákærða sem snertu einkahlutafélagið F2 og samning um kaup þess á hlut A-sparisjóðs í F3 ehf. Kannaðist hann við undirritun sína á kaupsamninginn en kvaðst ekki muna eftir samningnum sem slíkum og ekki heldur félaginu sem keypti hlutinn. Þá kvaðst hann engu geta svarað um yfirdráttarlán til F2 ehf. að fjárhæð 100.000.000 króna og kannaðist ekki við að hafa veitt heimild fyrir því.

Við seinni skýrslugjöf hjá lögreglu skýrði ákærði svo frá þegar hann var spurður um lánareglur sparisjóðsins og heimildir sínar í þeim efnum að hann hafi haft lánsheimildir frá stjórn sjóðsins sem miðaðar hefðu verið við 10% af eigin fé sjóðsins. Þá hafi hann haft heimild stjórnarinnar til að framselja lánsheimildir til vissra starfsmanna. Þá áréttaði hann fyrri framburð sinn um aðkomu forstöðumanna að lánveitingum í gegnum óformlega lánanefnd sem hann hafi sjálfur sett á laggirnar og að endanlegt ákvörðunarvald hafi ávallt verið í hans höndum óháð

afstöðu þeirra til lánveitingar hverju sinni. Hann áréttaði einnig þann skilning sinn að framangreindar reglur frá 29. mars 2005 hafi ekki tekið til hans sem sparisjóðsstjóra. Þegar um hafi verið að ræða beiðni um lánveitingu upp á hærri fjárhæð en 15 milljónir króna hafi hún í flestum tilvikum komið inn á borð þessa hóps sem fundað hafi einu sinni í viku. Spurður sérstaklega um lánveitingu til F2 ehf. og kaup þess félags á hlut sparisjóðsins í F3 ehf. kannaðist hann sem fyrr við að hafa undirritað samning um kaupin fyrir hönd sjóðsins og að það hafi oft verið rætt í stjórn hans að selja þennan hlut. Að öðru leyti kvaðst hann ekkert muna eftir þessu máli og hafnaði því alfarið að hann hafi samþykkt umrædda lánveitingu eða átt aðra aðkomu að henni. Þegar honum var kynntur framburður B, eiganda F2, um samtal sem þeir hefðu átt í aðdraganda þess að samningurinn var gerður og efnislegt inntak hans, meðal annars um samkomulag sem hafi verið í gildi um að auka þyrfti tryggingar F1-bank vegna veðkalls, var svar hans sem fyrr á þann veg að sig ræki ekki minni til þessa, hann kæmi alveg af fjöllum hvað allt þetta varðar. Hafði hann á orði að þetta væri einhver sérkennilegasta flétta sem hann hefði heyrt um.

Spurður um einkahlutafélagið F5 kvaðst ákærði fyrst hafa heyrt það félag nefnt í apríl 2008 eða um það leyti. Skýrði hann svo frá að M, starfsmaður sparisjóðsins, hefði rætt um það við sig að stofna þyrfti félag til að halda utan um stofnfjárbréf sjóðsins í B-sparisjóði og C-sparisjóði. Þessi ráðstöfun hafi tengst bókhaldi A-sparisjóðs og uppgjöri. Að sögn M hafi verið nauðsynlegt að gera þetta því að annars yrðu þessi stofnfjárbréf að engu. Kvaðst ákærði hafa dregið þá ályktun af þessu að M og endurskoðandi sparisjóðsins hefðu stofnað þetta félag í þessu skyni í nafni sjóðsins og að þeir yrðu að útskýra það nánar af hverju þeir töldu nauðsynlegt að gera þetta. Þetta hafi bara átt að standa svona yfir áramótin. Hann stæði í þeirri meiningu án þess þó að vera viss um það að F21 hafi selt sparisjóðnum þetta félag. Þá kom fram hjá ákærða að hann hafi sem stjórnarformaður F4 ehf. veitt heimild sína fyrir því að stofnfjárbréfin yrðu færð yfir í annað félag svo framarlega sem það yrði alfarið í eigu sparisjóðsins. Hann hafi á hinn bóginn enga hugmynd um það hvernig staðið var að yfirfærslunni og ekki fengið um það vitneskju fyrir en löngu seinna hvernig eignarhaldi að F5 væri háttað og að sonur hans ætti aðild að því. Tók ákærði fram í þessu sambandi að starfsmaður sparisjóðsins hafi gegnt starfi framkvæmdastjóra í F4 ehf. og annar haft prókúru fyrir það. Þá hafi M komið að rekstri félagsins ásamt þessum tveimur starfsmönnum sparisjóðsins. Áréttaði ákærði þann skilning sinn að það hafi aldrei staðið til að færa stofnfjárbréfin yfir í félag sem væri í eigu óskylds aðila og að hann hafi ekki veitt samþykki sitt til slíkrar ráðstöfunar.

1.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir framburði vitna að því er tekur til þeirrar háttsemi sem ákærða er gefin að sök í fyrri kafla ákæru.

Vitnið B, eigandi F2 ehf., kvað félagið hafa verið stofnað gagngert í þeim tilgangi að kaupa hlutabréf A-sparisjóðs í F3 ehf. Lýsti hann aðdraganda kaupanna með þeim hætti að ákærði hafi boðað hann til sín og boðið honum að kaupa þennan hlut sparisjóðsins fyrir 1.000.000 króna. Hann hafi verið upplýstur um stöðu F3 og að fram væri komið veðkall hjá F1-bank, en á þessum tíma hafi ekki verið orðið ljóst hvort það yrði að veruleika. Kvaðst hann hafa gengið að tilboðinu og kaupsamningur verið gerður. Spurður um samninginn og sérstaklega það ákvæði hans að kaupanda væri kunnugt um að seljandi hefði tekið á sig ábyrgð fyrir F3 að fjárhæð 100.000.000 króna svaraði B því til að ákærði hafi líklega upplýst hann um þetta. Hafi það verið gert munnlega og hann hafi engin gögn séð hvað þetta varðar. Spurður út í yfirdráttarheimild sem F2 ehf. var veitt 16. júní 2008 kvaðst hann sjálfur hafa átt að greiða 10.000.000 króna fyrir þennan hlut ef til veðkalls kæmi, en „A bað um það á sínum tíma að fá að setja þetta upp tímabundið og ég gaf leyfi á það og með það að leiðarljósi að þessi heimild yrði þá sett á núll í lok árs.“ Yfirdráttarheimildin hafi þannig í rauninni ekkert tengst F2 ehf. eða B sem eiganda félagsins. Enginn samningur hafi verið gerður um yfirdráttarlánið og það hafi alfarið verið grundvallað á gagnkvæmu trausti. Inntur eftir því hver hefði heimilað yfirdráttinn kvaðst hann ekki vita það. Kvaðst hann aðallega hafa verið í samskiptum við ákærða um þetta mál og eitthvað við D, en hvað þeir hefðu sérstaklega rætt kvaðst hann ekki muna. Spurður um handveðsyfirlýsinguna skýrði B svo frá að hann hafi verið boðaður á fund í F1-bank á sínum tíma út af þessu máli og rætt þar við lögfræðing bankans, E, auk annars manns „og þá var verið að viðra þetta, þá var kominn þrýstingur á A-sparisjóðinn að efna þetta veðkall sem að var fyrir mína tíð af málinu en var vitnað til í samningnum hjá mér.“ F1-bank hafi greinilega viljað fá þessa peninga og talið sig eiga rétt á þeim á grundvelli munnlegs samkomulags við F3 ehf. Kvaðst B minnst þess að handveðsyfirlýsing hafi verið kynnt en ekki minnst þess að hafa undirritað slíka yfirlýsingu. Engin niðurstaða hafi fengist á þessum fundi en í kjölfar hans hefði hann greint ákærða frá þrýstingi um að veðkall yrði greitt og í framhaldi hafi verið tekin ákvörðun um að greiða þetta. Í kjölfarið hafi honum borist tilkynning F1-bank um ráðstöfun handveðsettra fjármuna. Landsbankinn hafi á síðari stigum gert kröfu um endurgreiðslu yfirdráttarins, en fallið frá málsókn í tengslum við hann í maí 2012 að framkominni greinargerð sem B hafi ritað um málið.

Vitnið C, sem eins og áður segir starfaði sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði A-sparisjóðs á árinu 2008, kvaðst ekki þekkja til félagsins F2 ehf. og ekki hafa haft

heimild til að veita því lán að fjárhæð 100.000.000 króna. Hann hefði skráð umrædda yfirdráttarheimild til félagsins F2 inn í kerfi bankans að ósk ákærða, sem hafi verið hans næsti yfirmaður. Kvaðst hann aðspurður ekki hafa séð lánskjölin á bak við þessa heimild og ekki muna eftir skriflegum fyrirmælum um að veita ætti yfirdráttarheimildina. Allur gangur hafi verið á því með hvaða hætti, munnlega eða skriflega, ákærði fór þess á leit við hann að setja upp heimildir sem þessa. Kvaðst hann ekki hafa vitað í hvað yfirdrátturinn væri ætlaður. Inntur eftir merkingu þess að á framlögðum lista yfir útlán umfram 70.000.000 króna á tímabilinu júlí til desember 2007 er að finna áritunina „bókað samþykkt af GMN“ aftan við tvö lán eða heimildir á listanum, kvaðst hann ekki hafa verið að samþykkja lán með þessu heldur bóka þau. Hafi verið nokkuð algengt að hann fengi til sín beiðnir sem þessar.

Vitnið I kvaðst aðspurður hvorki muna eftir millifærslu á 100.000.000 króna af reikningi F2 ehf. hjá A-sparisjóðnum yfir á reikning félagsins hjá F-bank né hver hafi beðið hann um að framkvæma millifærsluna. Kvaðst hann ekki muna eftir samskiptum við eiganda F2 og kannaðist ekki við að lánveiting til félagsins í formi yfirdráttar hafi verið í hans höndum. Hann hafi ekki haft útlánaheimildir. Aðspurður um aðkomu sína að F3 hf. kvaðst hann hafa verið beðinn um að sitja tvo stjórnarfundum í félaginu fyrir hönd sparisjóðsins. Þá kvaðst hann halda að á þeim tíma þegar hlutur sparisjóðsins í félaginu var seldur til F2 hafi verið talið að ábyrgð sjóðsins væri komin á og að hann væri skuldbundinn til að standa við hana. Þá kvaðst hann ekki vita hver það var sem samdi kaupsamninginn á milli sparisjóðsins og F2. Hann hafi vottað samninginn en sig ræki ekki minni til þess að hafa átt frekar aðkomu að honum. Loks kvaðst hann ekki kannast við þau ummæli í tilkynningu Landsbankans til yfirvalda að salan á F3 hafi verið nauðvörn hjá stjórnendum A-sparisjóðs til að sjóðurinn héldi starfsleyfi sínu.

Vitnið E, sem var á þeim tíma sem um ræðir í málinu forstöðumaður lögfræðisviðs hjá F1-bank, skýrði svo frá fyrir dómi að á einhverjum tímamarki hafi verið rætt um að hver og einn hluthafi í F3 ehf. myndi leggja félaginu til 100.000.000 króna. Hann kvaðst þó halda að enginn samningur hefði náðst um þetta, enda hefði lánið sem þetta framlag tengdist verið gjaldfellt. Að honum vitandi hafi þannig ekki komist á samningur um að A-sparisjóðurinn skyldi leggja fram 100.000.000 króna, en „hvort að það hafi verið rætt eða eitthvað, ég veit ekkert um það, en ég kannast ekki við skriflegan samning ... og það var alveg örugglega rætt, ég held að það hafi alveg örugglega verið í umræðunni“. Veturinn hafi farið mikið í það að ræða þetta mál. Spurður út í framburð sinn hjá lögreglu um fund sem haldinn hafi verið með flestum hluthöfum í F3 í febrúar eða mars 2008 kvaðst hann muna eftir fundi þar sem staða á samningnum hefði verið rædd í ljósi þess að verðmæti bréfanna hefði lækkað og mikið vantaði upp á að „samningurinn

væri á pari“. Hafi það verið niðurstaða fundarins að menn væru ekki að koma fram með einhverjar tryggingar en „ekki þar með sagt að það yrði endilega loku fyrir það skotið, en svona gengur þetta, það er fundur og einhver niðurstaða, og svo halda menn áfram að reyna að semja.“ Aðspurður um félagið F2 ehf. og að greiddar hefðu verið 100.000.000 króna inn á reikning félagsins hjá F-bank kvaðst E þekkja til þess máls. Hafi hans aðkoma að því verið sú að hann hafi hitt fyrirsvarsmann félagsins, B, sem hafi komið í bankann í því skyni að stofna reikning og leggja inn pening. Hafi B skrifað upp á peningaþvættisskjöl og önnur nauðsynleg gögn. Hafi fjármunirnir farið til tryggingar á þessum samningi og kveðst hann halda að í handveðssamningnum hafi skilmerkilega verið kveðið á um það. Þá kvaðst hann ekki hafa verið í samskiptum við ákærða vegna þessa máls.

Vitnið F kvaðst hafa verið varaformaður stjórnar A-sparisjóðs á árunum 2007 og 2008. Spurður um hvort lánveitingar hefðu komið inn á borð stjórnar skýrði hann svo frá að unnið hafi verið eftir starfsáætlun og í samræmi við hana hafi stjórninni nokkrum sinnum á ári verið greint frá stærstu skuldurum og stærstu fjármagnseigendum og farið yfir stöðu þessara aðila. Þá hafi einstaka sinnum verið teknar fyrir lánveitingar til einstakra aðila. Kvað hann sparisjóðsstjóra hafa haft heimild til að veita lán upp að 15% af eigin fé sjóðsins á hverjum tíma, sem síðar hafi lækkað niður í 10%. Í bankanum hafi ekki verið starfandi lánanefnd, en ákærði haft sér við hlið óformlega lánanefnd sem hafi verið honum til halds og trausts við að fara yfir stöðu mála. Kvaðst hann muna eftir að viðskipti sparisjóðsins við F3 hafi komið fram í yfirlitum til stjórnar og málefni félagsins komið til umræðu öðru hvoru. Kvaðst hann ekki muna eftir því að rætt hafi verið um ábyrgð við F-bank né að félagið F2 fengi yfirdráttarheimild. Spurður um hvort hann hafi vitað að til hafi staðið að selja hlut sparisjóðsins í F3 í febrúar eða mars 2008 svaraði hann því til að hann hafi „ugglaust verið upplýstur um það ... það leit ekkert vel út á þessum tíma, það var bara verið að bjarga því sem væri hægt að bjarga og ég efast ekki um að það var þannig með fleiri fyrirtæki sem við áttum hlut í að við vildum bara koma okkur út úr þeim áður en illa færi“.

Vitnið N, forstöðumaður rekstrarsviðs Sparisjóðsins og staðgengill sparisjóðsstjóra á árunum 2007-2008, kvað þá lánanefnd sem starfaði innan bankans hafa verið ráðgefandi og að hún hafi ekki tekið endanlegar ákvarðanir. Kvaðst hann hvorki þekkja til sölu á hlut sparisjóðsins í F3 ehf. né að sjóðurinn hafi verið í ábyrgð fyrir félagið. Þá kvaðst hann fyrst hafa heyrt um félagið F2 við yfirheyrslu hjá lögreglu.

Vitnið R, sem var framkvæmdastjóri fjármálasviðs A-sparisjóðsins á árunum 2007 og 2008, kvaðst fyrir dómi hafa átt sæti í lánanefnd sparisjóðsins. Ákvarðanir lánanefndar hafi ekki verið bindandi fyrir sparisjóðsstjóra, sem hafi

sjálfur tekið ákvarðanir og haft útlánaheimildir. Að sögn R minntist hann þess að ákærði hafi viljað selja hlut sparisjóðsins í F3 vegna þess að það félag var búið að kaupa stofnfjárbréf í sparisjóðnum.

2.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir framburði vitna að því er tekur til þeirrar háttsemi sem ákærða er gefin að sök í seinni kafla ákæru.

Vitnið F, stjórnarmaður í A-sparisjóði, skýrði svo frá að F4 ehf. hafi verið einkahlutafélag í eigu sparisjóðsins þar sem vistaðar hafi verið fullnustueignir sjóðsins og eignir í öðrum fjármálafyrirtækjum. Yfir félaginu hafi verið sérstök stjórn, en stjórn sparisjóðsins hafi fengið upplýsingar um félagið og hvaða eignir væru inni í því. Hafi M lagt fyrir stjórnina formlegar tilkynningar um hvaða viðskipti hefðu átt sér stað með stofnfjárbréf, en hann gæti ekki sagt til um hvort M hafi unnið þær. Þau stofnfjárbréf sem sparisjóðurinn átti sjálfur hafi verið inni í F4 ehf. „og F5 var líka í eigu sparisjóðsins“. Sonur ákærða hafi verið fenginn til að vera þar í fyrirsvari. Inn í félagið hefðu verið settar eignir, stofnfjárbréf að hann minnti. Hefði það haft jákvæð áhrif á eiginfjárlutfallið að hafa slíkar eignir inni í dótturfélögum í stað þess að hafa þær hjá sparisjóðnum sjálfum. Inntur eftir því hvort hann hafi talið að sparisjóðurinn væri eigandi F5 svaraði F því til að honum hafi verið tjáð að svo væri.

Vitnið M, forstöðumaður fjármálasviðs A-sparisjóðsins á árunum 2007 og 2008, kvaðst hafa haldið utan um stofnfjárskrá sparisjóðsins og sem slíkur komið að framsali á stofnfjárbréfunum frá F4 yfir í F5. Kvaðst hann hafa talað við ákærða um að sparisjóðurinn myndi færa bréfin yfir í sérstakt félag og hafi hugsunin verið sú að það félag yrði óskyldt sparisjóðnum. Að öðru leyti hafi hann ekki komið að stofnun F5. Kvaðst hann ekki vita hver var eigandi félagsins „en það var talið að það væri L“. Félagið hafi aldrei verið í eigu sparisjóðsins. Kvaðst hann hafa tekið við pósti og gögnum varðandi þetta félag frá L og taldi það vel geta verið að hann hafi eitthvað aðstoðað við að greiða reikninga fyrir félagið samkvæmt beiðni. Hann vissi þó ekki hver hefði óskað eftir því við hann. Þá kom fram hjá honum að hann hafi ekki getað tekið ákvörðun um að flytja stofnfjárbréfin yfir í félagið og kvaðst ekki muna hver hafi tekið þá ákvörðun. Var hann helst á því að það hafi verið sameiginleg ákvörðun „þá milli manna í sparisjóðnum“, hans, X og fleiri. Hafi málið snúist um „svokallað CAD ... og hugmyndin var að þetta yrði geymt þá í óskyldu félagi og þetta yrði síðan selt þegar að tækifæri gæfist“. Bréfin hefðu að öðrum kosti „dottið dauð inn í eiginfjárgrunninum“. Aðspurður kvaðst hann ekki vita af hverju ekki var gerður lánsamningur vegna þessara viðskipta, en að byggt hefði verið á gagnkvæmu trausti á milli eigenda F5 og sparisjóðsins. Benti M í því sambandi á að arðgreiðsla upp á rúmar 40 milljónir hafi runnið beint til

sparisjóðsins til lækkunar á skuldum félagsins. Hafi það alltaf verið „hugmyndin að þetta væri eign og yrði eign sparisjóðsins til frambúðar“. Í hans huga hafi það verið þannig að ef bréfin yrðu seinna meir seld myndi sparisjóðurinn sjálfur njóta söluverðsins að öllu leyti. Hugsunin með þessu hafi verið sú ein að gæta hagsmuna sparisjóðsins.

Vitnið L skýrði svo frá aðkomu sinni að F5 ehf. að það hafi á einhverjum tímamarki komið til umræðu að hann og G, endurskoðandi hjá F21, settust tímabundið í stjórn þess félags og „síðan sennilega í mars 2008 þá er ég í sambandi við S endurskoðanda vegna minnar framtalsgerðar sem hann hafði aðstoðað mig við og hann spyr mig í leiðinni hvort að ég kvitti upp á stjórnarskipti í F5 um leið og framtalið er gert.“ Ræki hann ekki minni til þess hver hafi upphaflega óskað eftir því að hann settist í stjórn félagsins. Hann hafi haft mjög litlar upplýsingar um félagið að öðru leyti en því að það væri á vegum sparisjóðsins. Ekki hafi verið rætt um hvaða rekstur það ætti að hafa með höndum. Hefðu S, endurskoðandi sparisjóðsins, og M, forstöðumaður fjármálasviðs sjóðsins, verið með þetta mál á sinni könnu. Hann hafi treyst þessum mönnum og í ljósi stöðu þeirra ekki talið ástæðu til að spyrjast fyrir um félagið. Spurður um framsalssamninginn milli sín og F21 kvaðst hann ekki geta staðfest að undirskrift á samningnum væri hans og „ef þetta er mín undirskrift þá var hennar aflað á fölskum forsendum, það liggur alveg fyrir í mínum huga“. Þá gæti hann sömuleiðis ekki staðfest undirskrift sína á samþykktir fyrir F5. Hvað varðaði fundargerð F5 frá 7. mars 2008 kynni að vera að hann hafi ritað undir það skjal hjá S. Hann hafi á hinn bóginn enga aðkomu átt að rekstri félagsins og aldrei setið hlutahafafundi, aðalfundi eða neitt í þessu félagi. Þá væri honum ekki kunnugt um að ákærði hafi haft aðkomu að félaginu og kvaðst ekki vita hver hafi séð um ákvarðanatöku í því. Spurður um hvort hann hafi haft vitneskju um að félagið keypti stofnfjárbréf í sparisjóðnum svaraði L því til að hann teldi að „þetta félag hafi aldrei keypt formlega nein stofnfjárbréf í sparisjóðnum, af því að ég hef aldrei séð neina kaupsamninga eða nokkurn skapaðan hlut um þetta félag, um neina eignarhluti inn í þetta félag.“ Hafi hann aldrei fengið upplýsingar um viðskipti og þekkti ekkert til þeirra. Honum hefðu borist heim til sín skjöl vegna félagsins og vegna þess spurt „S hvert ég ætti að fara með reikninga félagsins, kostnaðarreikninga, og hann benti á sparisjóðinn, og sá tölvupóstur er til, þannig að ég fór bara samviskusamlega með þetta til M.“ Hann hafi engin samskipti átt við ákærða vegna þessa máls. Þá hafi hann ekki vitað af framsalssamningnum þegar hann sagði sig úr stjórn félagsins, „ég veit ekki af honum fyrr en fréttir berast um mína meintu eignaraðild 1. febrúar 2011, þetta er náttúrulega fyrir þann tíma, en ég var búinn að fara til M, og fara niður í sparisjóð og senda honum tölvuskeyti um að finna nýjan stjórnarmann af því að ég taldi mig einungis vera í stjórn og ég var

einungis beðinn um, ég og G, um að vera tímabundið í stjórn og það var nú ansi langt liðið þarna 2010 að vera í tímabundinni stjórn. Og ég er með skjalfesta tölvupósta um þetta að ég er að biðja hann um þetta og að lokum var þetta bara fullreynt þannig að ég bara sendi sjálfur mína úrsögn úr stjórninni niður á hlutafélagaskrá.“ Þá kvaðst L ekki hafa verið í samskiptum við G fyrr en eftir að fréttir fóru að birtast af málinu. Á fundi sem G hafi boðað til hefðu S og K, starfsmenn F21, borið málið upp með þeim hætti að hann og G sætu með þetta í fanginu og farið að „fabúlera um það hvernig sé hægt að koma okkur undan þessu án þess að við gerum félagið gjaldþrota sjálfir og svona, án þess að okkar nöfn birtist á þessu“. Á fundinum hafi verið lagt fram skjal um meint framsal „og ég sagði þá og stend við það að ég taldi að þetta plagg og þessi plögg væru fölsuð, vegna þess að ef ég á að hafa kvittað undir þessi plögg hjá S, þá hefði S ekki sagt í hljóðupptöku sem liggur fyrir hjá lögreglu að ég hafi aldrei átt þetta félag, þetta bara stenst ekki.“ Um ástæður þess að hann mætti ekki á síðari fundinn sem G boðaði til kvaðst hann ekki hafa verið í ástandi til þess. Spurður um hvort ákærði hafi mætt á fundinn fyrir hans hönd kvaðst hann ekki muna það. Að sögn L hafi hann áður en þetta gerðist hitt S og annan nafngreindan endurskoðanda hjá F21 á fundi ásamt eiginkonu sinni „og þá höfðum við fengið þau skilaboð að þeir ætluðu sér að leysa málið í góðu gagnvart okkur og við förum á fundinn í góðri trú að þeir ætli sér bara þá að leiðrétta málið fyrst að þeir töldu sig hafa eitthvað meint framsal en þá kom bara á daginn að þeir voru ekkert á þeim buxunum og ég náttúrulega auðvitað, maður var mjög hvumsa yfir þessu.“ Um áðurnefnt símtal milli ákærða og S kvaðst L hafa hlutast til um að það símtal var tekið upp. Ástæða þess hafi verið sú að í kjölfar fréttáflutnings 1. febrúar 2011 hafi farið að renna á hann tvær grímur „þannig að daginn eftir, 2. febrúar, bað ég föður minn um að hringja í hann og spyrja hvernig þetta gæti staðist, hvernig í pottinn væri búið, og þá kemur bara í ljós eins og S segir, þar segir hann bara fullum fetum að ég hafi aldrei átt þetta félag.“ Að sögn L var þetta í fyrsta skipti sem hann átti samskipti við föður sinn vegna þessa máls. Þá er þess loks að geta að í skýrslu sinni kvaðst L enga aðkomu hafa átt að ráðstöfun á arðgreiðslu til F5 og ekki einu sinni vitað af þeirri greiðslu.

Vitnið N, forstöðumaður rekstrarsviðs Sparisjóðsins og staðgengill sparisjóðsstjóra á árunum 2007-2008, kvaðst ekki muna hverjir hefðu tekið ákvarðanir fyrir hönd F4 ehf., en að hann gæti fullyrt að allar ákvarðanir „sem voru teknar þarna alvarlegar voru gerðar í samáði og með samþykkt yfirmanna okkar í sparisjóðnum, hvort sem það voru X sparisjóðsstjóri eða þeir sem voru sparisjóðsstjórar á undan honum.“ Hafi honum ekki verið kunnugt um að félagið ætti í viðskiptum með stofnfjárbréf eða að það hafi verið að veita lán fyrir stofnfjárkaupum. Þá kvaðst hann ekki þekkja til félagsins F5.

Vitnið S skýrði svo frá, spurður um aðkomu sína að félaginu F5, að á lokametrinum við endurskoðun ársreikningsins A-sparisjóðsins fyrir árið 2007 hafi komið fram beiðni um að fá félag „og F21 seldi þetta félag til sjóðsins“. Beiðnin hafi komið frá ákærða. Kvaðst hann ekki muna hver hafi verið skráður eigandi félagsins samkvæmt framsalspappírnum eftir að F21 framseldi það, en L hafi verið í stjórn þess. Kvaðst S ekki hafa samið framsalssamninginn en komið þeim skilaboðum á framfæri að það vantaði félag undir tiltekna eignarhluti í sparisjóðnum. Taldi S það vel geta verið að hann hafi hitt L og verið viðstaddur þegar hann skrifaði undir samninginn. Spurður um tilgang félagsins svaraði S því til að mikil vinna hafi verið lögð í þennan ársreikning þar sem A-sparisjóður hefði verið að sameinast B-sparisjóði og C-sparisjóði. Sumarið áður hefði A-sparisjóður eignast hluti í fyrrnefnda sjóðnum „og síðan þegar við erum á lokametrinum að setja upp samstæðuna fyrir þessa sjóði, eða klára samrunann, að þá kemur upp að þessir hlutir eru þarna í F4 og í framhaldi af því þá biður X um að þeir séu settir í annað félag.“ Kvaðst hann ekki vita hver ástæðan hafi verið fyrir því. Þar sem eignarhlutirnir hafi verið í eigu dótturfélags sparisjóðsins hefðu þeir ekki eyðst í sjálfu sér við samrunann en í samstæðureikningi hefðu þeir „nettast“ út þar sem þetta væru hlutir innan samstæðu. Hefði það haft þau áhrif að lækka eiginfé samstæðunnar. Aðspurður kannaðist hann ekki við að hafa veitt ráðgjöf um að færa stofnfjárbréfin í annað félag. Þá kvaðst hann engar ákvarðanir hafa tekið fyrir hönd F5 og ekki vita hverjir hefðu gert það. Spurður um tölvubréf frá 20. júní 2008 til L um að hann ætti að senda reikninga frá F21 til „M.“ kvaðst hann lítið geta sagt um það en taldi líklegt að hann hafi haft samband við M, sem hafi verið yfir bókhaldinu hjá sparisjóðnum, áður en tölvubréfið var sent. Sparisjóðurinn hafi borgað „allan kostnað og [séð] um allt utanumhald. Öll okkar samskipti voru við sparisjóðinn um þetta félag.“ Spurður um samskipti sín við G kvaðst S vita að hann hafi verið í varastjórn F5, en hann gæti ekkert sagt um samskipti þeirra í milli sem sérstaklega tengdust félaginu. Spurður út í framburð sinn hjá lögreglu þar sem hann lýsti því að upphafið að viðskiptunum hafi verið í janúar 2008 hjá „okkur“ og mætti rekja til minnispunkta, lýsti S því að þetta hefðu verið „review notes, þegar verið er að fara yfir liði í efnahagsreikningi og síðan höfum við óskað eftir staðfestingum um ákveðna hluti og fengið upplýsingar um það að þessir hlutir hafi verið færðir inn í sér félag og færð hafi verið skuld við F4“. Spurður um bókhaldsfærslur í F4 í lok árs 2007, þar sem fram komi að hlutir í sparisjóðnum séu færðir á viðskiptamann, og þýðingu þessa, svaraði S því til að þar með hefðu F4 ehf. ekki lengur átt þá stofnfjárhluti sem um ræðir og í stað þeirra stofnast krafa á viðskiptamann. Hefði F5 ehf. verið eigandi hlutanna um áramótin. Þegar borið var undir S að fyrir lægi að það félag hafi ekki komið inn í myndina fyrr en í mars 2008

svaraði hann því til að það hafi verið „gengið frá þessu í kringum samrunann í mars 2008“. Hafi F21 fengið þær upplýsingar að í lok árs 2007 hefði komist á bindandi samningur og þetta félag svo orðið aðili að þeim samningi. Samningurinn sem hann vísi hér til hafi verið „um kaupin á þessum eignarhluta yfir í annað félag, það væru einhverjir aðrir aðilar utan sparisjóðsins sem ættu að eignast þessa hluti“. Hafi sparisjóðurinn í mars 2008 beðið um félag til þess að færa þessa hluti í og þeir orðið við þeirri beiðni með því að láta þá hafa F5. Fyrir hafi legið „upplýsingar um það þarna á þessum tíma að þetta væri á grundvelli bindandi samnings sem væri um þessi viðskipti sem höfðu orðið þarna á árinu 2007 og þetta væri þá í rauninni bara formsatriði að klára þessi viðskipti.“ Aðkoma F21 að þessum viðskiptum hafi aðeins verið sú að útvega félagið og hafi hann aldrei beðið L um að ganga í stjórn þess. Þá kvaðst hann ekki muna hvernig það kom til að G tók sæti í varastjórn félagsins eða hvað hann hafi sagt við G um það hver væri eigandi þess. Spurður um símtal hans við ákærða 2. febrúar 2011, sem áður er vitnað til, kvaðst S ekki kunna á því skýringar að hann hafi þar sagt að L hefði aldrei átt hlut í félaginu og að L ætti engan hlut að máli. Kvaðst hann ekki vita af hverju L hafi verið nefndur til sögunnar á sínum tíma „af því þegar þessi viðskipti koma til þarna í árslok 2007, að það eigi að færa þessa hluti í annað félag, að þá er ég á þeirri skoðun að það hafi aðrir átt að eiga þessa hluti“. Skýrði S þessi orð sín svo að hann ætti þar við einhverja aðra stofnfjáraðila en svo „þegar á að fara að efna þessi viðskipti, þá nefnir X nafn sonar síns, að hann eigi að vera í stjórn þessa félags, meira veit ég ekki“.

Vitnið G, sem á þeim tíma sem um ræðir í málinu gegndi starfi yfirmanns áreiðanleikakannana í fjármáladeild F21 hf., skýrði svo frá aðkomu sinni að málinu að S, endurskoðandi sparisjóðsins, sem starfaði á sömu hæð og hann á endurskoðunarskrifstofunni, hafi beðið hann um að taka sæti í varastjórn F5, en beiðnir um að taka sæti í stjórnnum einkahlutafélaga hafi ekki verið óalgengar á þessum tíma. Kvaðst G reikna með að hafa undirritað skjal um breytt eignarhald að félaginu 7. mars 2008, eins og umrætt framsalsskjal bæri með sér. Aðspurður kvaðst hann hafa átt samskipti við S og M, fjármálastjóra hjá A-sparisjóði, við stofnun félagsins en engin samskipti átt við ákærða af því tilefni. Hafi S skýrt svo frá að um væri að ræða félag í eigu A-sparisjóðs og „ég vissi aldrei annað en að það væri þannig, fyrr en seinna þegar ég fer að skoða málið aðeins“. Það hafi gerst með þeim hætti að fjárnámsbeiðnir hafi farið að berast til hans í kjölfar þess að L sagði sig úr stjórn félagsins. Hann hafi þá talað við M og S til að fá á hreint hvað væri í gangi. Hafi hann hitt S á fundi, en auk þeirra hafi þar verið mættir L og Pétur Steinn lögfræðingur „og L segist ekkert vera tengdur félaginu öðru bara en að vera í stjórn.“ Hafi Pétur Steinn þá haft undir höndum kaupsamning 7. mars 2008 sem var

undirritaður af L „en hann sagðist ekki hafa átt félagið, sem var auðvitað algjörlega á móti því sem raunverulega stóð í því plaggi.“ Kvaðst G síðar hafa óskað eftir öðrum fundi með L til að fá á hreint hvað hann ætlaði að gera með félagið. Á fund sem haldinn var í kjölfarið með G hefðu mætt ákærði, Pétur Steinn og S. L hafi ekki látið sjá sig. Kvaðst G hafa leitað eftir svörum en verið sagt að hann þyrfti sjálfur að setja félagið í gjaldþrot og ákærði boðið honum fyrir það 250.000 krónur, eða að hann skyldi greiða helminginn á móti því sem þyrfti að greiða til að setja félagið í þrot. Kvaðst hann hafa tekið algjörlega fyrir það. Aðspurður kvaðst hann ekkert hafa komið að rekstri F5 og ekki þekkja til þeirra viðskipta með stofnfjárbréf í sparisjóðnum sem fóru yfir í félagið. Hann hafi aldrei séð „nein gögn annað en bara það að það var verið að stofna eðlilegt félag í kring um rekstur“. Hann hafi hvorki heyrt af því að félagið hefði fengið greiddan arð né haft vitneskju um hvernig þeirri greiðslu var ráðstafað frá félaginu.

Vitnið D, sem starfaði sem lögfræðingur hjá F21 hf. á árunum 2007 og 2008, kannaðist við undirskrift sína á samning um framsal á einkahlutafélaginu F5 ehf. frá F21 til L og kvaðst hafa útbúið hann. Hann gæti ekki munað hvort hann hafi verið viðstaddur þegar L skrifaði undir samninginn og ekki heldur hvort L hafi verið kynnt sérstaklega yfirlýsing framseljanda á skjalinu. Þá var hann helst á því að S hafi beðið hann um að útbúa framsalssamninginn. Loks rak hann ekki minni til þess að hafa átt samskipti við ákærða.

Þrír aðrir starfsmenn F21, sem samkvæmt gögnum málsins áttu ýmist aðkomu að umræddum framsalssamningi eða gerð skilagreina og skattframtala fyrir F5, gáfu skýrslu fyrir dómi. Að því undanskildu, að enginn þeirra kvaðst muna eftir að hafa átt samskipti við L vegna málefna F5 ehf., kom ekkert fram í vitnisburði þeirra sem þýðingu getur haft við úrlausn málsins.

VI

1.

Annað meginskilyrðið fyrir því að háttsemi teljist refsiverð samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga er að maður hafi misnotað aðstöðu sem hann hefur fengið til að gera eitthvað sem annar verður bundinn við. Skilyrðið hefur meðal annars verið skýrt á þann veg að þegar þannig háttar til að heimild þess, sem hefur slíka aðstöðu, er ekki svo skýr sem skyldi nægi til þess að hann baki sér refsíabyrgð að færðar séu sönnur á að hann hafi verulega vikið frá þeim starfsháttum sem honum hlaut að vera ljóst að af honum væri krafist. Hitt meginskilyrðið fyrir því að háttsemi teljist refsiverð samkvæmt þessari lagagrein er að fyrir hendi hafi verið auðgunarásetningur hjá þeim, sem sakaður er um slíkt brot, sbr. 243. gr. almennra hegningarlaga. Nægir í því sambandi að sýnt sé fram á að háttsemin hafi valdið verulegri fjártjónshættu fyrir þann sem bundinn varð af henni.

2.

Á fundi sínum 12. febrúar 2008 veitti stjórn A-sparisjóðsins ákærða heimild til að selja allt hlutafé sjóðsins í F3 ehf. Það gerði hann 31. mars sama ár þegar hann undirritaði fyrir hönd sjóðsins samning um kaup F2 ehf. á hlutafénu fyrir 1.000.000 króna. Það er áður rakið að í samningnum var ákvæði þar sem fram kom að sparisjóðurinn hefði gengist í ábyrgð fyrir F3 ehf. að fjárhæð 100.000.000 króna, sem ekki væri enn orðin virk, en ef til þess kæmi gæti hann krafist kaupandann um allt að 10.000.000 króna. Fyrir liggur, svo sem áður er getið, að verulegir fjárhagsörðugleikar steðjuðu að F3 ehf. á þessum tíma. Í viðleitni sinni til að bjarga félaginu áttu hluthafar í því í viðræðum við helsta lánardrottinn þess, F-bank hf., sem upphaflega gengu út á það að þeir myndu ábyrgjast greiðslu á láni samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að lánsamningi að hámarki 712.508.986 krónur þar sem ábyrgð hvers og eins ábyrgðarmanns skyldi vera 14.035% af hámarksfjárhæðinni. Á framangreint samningsákvæði rætur sínar að rekja til þessa. Í kafla II.3 hér að framan er gerð grein fyrir framgangi þessara viðræðna og þar um stuðst við tölvubréf sem gengu á milli fyrirsvarsmanna tiltekinna hluthafa í F3 ehf. og send voru ákærða vegna A-sparisjóðsins allt fram til 9. apríl 2008. Í þessum samtímagögnum kemur annars vegar fram að þegar kaupsamningurinn var gerður lá engin niðurstaða fyrir um það hvort þessir hluthafar myndu allir gangast undir þá ábyrgðarskuldbindingu sem til umræðu var í þeirra röðum. Ákveðnar vonir stóðu þó til þess að takast myndi að leiða málið til lykta á þeim grunni sem að var stefnt. Hins vegar er ljóst samkvæmt þessum gögnum að þegar yfirdráttarheimild upp á 100.000.000 króna til handa F2 ehf. var stofnuð 16. júní 2008 benti allt til þess að þessar tilraunir væru að fara út um þúfur. Benda gögnin reyndar til þess að strax um miðjan apríl hafi stefnt í þá niðurstöðu. Vonir um hið gagnstæða brustu síðan endanlega á fundi stjórnar F3 ehf. 1. júlí 2008 og svo sem rakið er í kafla II.4. Var ákærði samkvæmt framansögðu jafnan upplýstur um gang þessara viðræðna allt þar til í það stefndi að samkomulag myndi ekki takast. Þá var hann formaður bankaráðs F-bank hf.

Svo sem að framan greinir undirritaði ákærði kaupsamninginn við F2 ehf. og samkvæmt vitnisburði B, eiganda félagsins, átti hann aðallega samskipti við ákærða um málefni þess. Hefur hann meðal annars lýst því að ákærði hafi beðið hann um að fá að setja upp yfirdráttarheimild á reikning F2 ehf. hjá A-sparisjóðnum. Þá hefur vitnið C, sem starfaði sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði A-sparisjóðsins og heyrði sem slíkur beint undir ákærða, borið á þann veg að hann hafi skráð umrædda yfirdráttarheimild inn í kerfi sjóðsins að beiðni ákærða. Er ekkert fram komið í málinu sem er til þess fallið að rýra trúverðugleika þessa vitnisburðar. Er að þessu virtu hafnað þeirri málsvörn ákærða að hann hafi enga

aðkomu átt að ákvörðun um þetta og talið sannað að hann hafi mælt fyrir um að yfirdráttarheimildin skyldi stofnuð.

Í kaupsamningnum frá 31. mars 2008 var samkvæmt framansögðu afdráttarlaust tekið fram að A-sparisjóðurinn hefði tekið á sig ábyrgð fyrir F3 ehf. að fjárhæð 100.000.000 króna. Er ekki annað í ljós leitt en að niðurstaða um þann fyrirvara sem gerður var um ábyrgðina myndi í samræmi við það sem að framan er rakið ráðast af því hvort aðrir hluthafar í félaginu veittu samþykki sitt fyrir sambærilegri ábyrgð af sinni hálfu í tengslum við skuldaskil þess gagnvart F-bank hf. og að samningur hefði að öðru leyti komist á um þau. Ábyrgð sparisjóðsins hafi þannig ekki á neinn hátt verið önnur og víðtækari en í þessu fólst. Þá breytti sala á hlut sjóðsins í F3 ehf. til F2 ehf. engu um ábyrgð hans. Til samræmis við þetta og með vísan til vitnisburðar B liggur að mati dómsins ekki annað fyrir en að það hafi verið ætlunin að standa skil á ábyrgðarfjárhæðinni með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar voru á reikningi F2 ehf. hjá A-sparisjóðnum í júní 2008 og að það hafi aldrei staðið til að félagið yrði endurkrafið um hana, ef undan er skilinn hlutur þess í ábyrgðinni samkvæmt kaupsamningi. Má um þetta einnig vísa til skýringa sem B gaf á tilurð yfirdráttarheimildarinnar í greinargerð til héraðsdóms 6. maí 2012 í tilefni af kröfu um gjaldþrotaskipti á búi F2 ehf., en þar greinir hann meðal annars frá því að ákærði hafi tjáð honum eftir undirritun kaupsamningsins að hann myndi setja ábyrgðina gagnvart F3 ehf. „á heimild hjá félaginu F2 ehf. þangað til hann hefði fundið þessu fjármagni farveg.“ Hafi B þá strax gert ákærða grein fyrir því „að ef hann ætlaði að gera þetta svona þá yrði það að vera alveg á hreinu að hann myndi klára það fyrir árslok og var mér tjáð að það yrði gert og ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því.“

Það leiðir af því sem að framan greinir að ekki var um eiginlega lánveitingu að ræða þegar umrædd yfirdráttarheimild var stofnuð heldur telst sú ráðstöfun hafa verið liður í efnudum af hálfu A-sparisjóðsins á tilteknum skuldbindingum sjóðsins gagnvart F3 ehf. annars vegar og F2 ehf. hins vegar. Saksókn í málinu og þar með sönnunarfærsla í því hefur ekki verið markaður farvegur til samræmis við þetta. Miðað við þessi atvik var þannig ekkert sem kallað á það í tengslum við yfirdráttarheimildina að leitað yrði eftir afstöðu lánanefndar, að áhættu- eða greiðslumat færi fram og að trygginga yrði aflað, svo sem byggt er á í ákæru. Við þetta bætist að gegn eindreginni neitun ákærða þykir óvarlegt að telja það sannað að hann hafi komið því til leiðar eða stuðlað að því með öðrum hætti að F-bank hf. var veitt handveð í innstæðu á reikningi F2 ehf. hjá bankanum 18. júní 2008 til tryggingar skuldum og skuldbindingum F3 ehf., en án veðsetningarinnar gat bankinn ekki leitað fullnustu í innstæðunni.

Með vísan til þess sem að framan er rakið ber að sýkna ákærða af sakargiftum samkvæmt fyrri kafla ákæru.

3.

Svo sem fram er komið taka sakargiftir samkvæmt seinni kafla ákæru til stofnfjárbréfa sem áttu uppruna sinn í B-sparisjóði annars vegar og C-sparisjóði hins vegar. Liggur fyrir að í lok árs 2007 voru þau í eigu F4 ehf., dótturfélags A-sparisjóðsins, en þá lá jafnframt fyrir að stofnfjáraðilar þessara sparisjóða og A-sparisjóðsins höfðu samþykkt samruna sjóðanna þriggja undir nafni þess síðastnefnda, sem taka skyldi við öllum réttindum og skyldum hinna sjóðanna frá og með 1. júlí 2007. Fjármálaeftirlitið samþykkti samrunann 22. febrúar 2008. Ágreiningur er um það hvenær samruninn öðlaðist lögformlega gildi, en sé miðað við þann skilning ákærða að það hafi gerst þegar Fjármálaeftirlitið samþykkti hann var fram að þeim tíma um að ræða stofnfjárbréf í B-sparisjóði og C-sparisjóði. Sé skilningur ákæruvalds á hinn bóginn lagður til grundvallar urðu bréfin að stofnfjárbréfum í A-sparisjóði um leið og stofnfjáraðilar sjóðanna þriggja höfðu samþykkt samruna þeirra í desember 2007. Hvað sem þessum ágreiningi líður má ljóst vera að saksókn á hendur ákærða tekur til þess að hann hafi ráðstafað þessum stofnfjárbréfum til einkahlutafélagsins F5, sem samkvæmt gögnum málsins varð eign sonar hans, L, 7. mars 2008, án þess að nokkurt endurgjald kæmi fyrir þau og að við framsalið hafi stofnast krafa í bókhaldi F4 ehf. á F5 ehf. án þess að lánsamningur væri gerður og trygging sett fyrir því að hún yrði greidd. Stendur því ekkert í vegi að tekin sé afstaða til þessara sakargifta, enda má einu gilda með tilliti til þess brots sem ákærða er gefið að sök hvernig atvikum var nánar háttað.

Ákærði var formaður stjórnar F4 ehf. Með framburði hans telst fram komið að hann hafi verið með í ráðum þegar tekin var ákvörðun um að færa stofnfjárbréf í eigu þess yfir í annað félag. Hann hefur þó haldið því fram að samþykki hans fyrir þessari yfirfærslu á stofnfjárbréfunum hafi verið byggt á þeirri forsendu að áfram yrði haldið utan um þau í félagi sem væri að fullu í eigu sparisjóðsins og hann hafi enga vitneskju haft um annað.

Þegar umrædd stofnfjárbréf voru ekki lengur í eigu A-sparisjóðsins eða dótturfélags sjóðsins, F4 ehf., var í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að þeim yrði ráðstafað án aðkomu hans og án þess að fyrir hendi væri trygging fyrir því að skuld F5 ehf. við F4 ehf., sem þá var sögð nema 683.368.783 krónum, yrði greidd. Til slíkrar ráðstöfunar kom ekki.

Í kafla III.3 hér að framan er gerð grein fyrir efni samtímagagna sem tengjast þeim sakargiftum sem hér eru til umfjöllunar. Þá er í kafla V.2 rakinn framburður vitna við aðalmeðferð málsins að því marki sem þýðingu hefur að mati dómsins við úrlausn um þær. Af því sem fram kemur í gögnunum má ljóst vera að

umsýsla af ýmsu tagi sem snerti F5 ehf. var í höndum starfsmanna A-sparisjóðs þrátt fyrir að félagið væri samkvæmt opinberri skráningu ekki í eigu hans og hann greiddi kostnað af henni. Þannig önnuðust þeir samskipti við endurskoðendur í tengslum við skattskil félagsins, gerð ársreikninga þess og skil á þeim. Þá verður ekki annað séð en að aðkoma L að málefnum félagsins hafi einskorðast við það að koma gögnum sem honum bárust og vörðuðu félagið í hendur starfsmanna sparisjóðsins til afgreiðslu. Loks er þess að geta að arður af stofnfjárbréfunum, 44.750.000 krónur, rann óskertur til sparisjóðsins, en ákvörðun um greiðslu arðs var tekin á fundi stjórnar sjóðsins 12. mars 2008. Hið sama á við um endurgreiðslu á fjármagnstekjuskatti að fjárhæð 5.350.000 krónur 26. júní 2008. Að mati dómsins renna framlögð gögn að öðru leyti og framburður vitna fyrir dómi frekari stoðum undir það að aldrei hafi staðið til að forræði yfir stofnfjárbréfunum, sem ákæra tekur til, flyttist í reynd frá A-sparisjóði eða dótturfélagi hans og sjóðurinn gæti þar með ekki lengur varið hagsmuni sína tengda þeim, heldur hafi ástæður sem lutu að virði bréfanna í ljósi þess samruna, sem til var kominn, orðið til þess að sú leið var farin sem að framan er lýst. Er um þetta sérstaklega vísað til vitnisburðar M, forstöðumanns fjármálasviðs sparisjóðsins, og greinargerðar sem hann ritaði 6. febrúar 2011 og gerð hefur verið grein fyrir, sem að mati dómsins lýsa vel þeirri stöðu sem uppi var og umræðum um ráðstafanir í tengslum við hana. Af þessu leiðir að ekki er ástæða til að ætla að fjártjónshætta hafi verið samfara þeirri ráðstöfun sem saksókn tekur til. Má þá einu gilda hvort raunveruleg þörf hafi verið á því að ráðast í hana í ljósi þeirra hagsmuna sem leitast var við að verja með henni.

Að því virtu sem að framan er rakið standa engar forsendur til þess að líta megi svo á að skilyrði 249. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 243. gr. laganna, um auðgunarásetning sé uppfyllt í málinu. Er ákærði þegar af þeirri ástæðu sýknaður af sakargiftum samkvæmt seinni kafla ákæru.

VII

Samkvæmt öllu framansögðu er ákærði alfarið sýknaður af sakargiftum samkvæmt ákæru.

Með vísan til ákvæðis 2. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála verður allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gríms Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðin verða að teknu tilliti til virðisaukaskatts eins og í dómsorði greinir.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlausn skipaðs verjanda ákærða, Gríms Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 7.161.000 krónur, greiðist úr

ríkissjóði.

Þorgeir Ingi Njálsson